



Fundað í Alþingishúsinu Sigmundur Davíð Gunnlaugsson tók á móti David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, í gær og átti með honum fund í Alþingishúsinu. Í gærkvöldi snæddi Cameron svo með forsætisráðherrum Norðurlandanna í Þjóðmenningarhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skuldastaðan batnar mikið

EFNAHAGSMÁL Mótvægisáðgerðir vegna slita á gömlu bönkunum nema alls 856 milljörðum króna og felur í sér 500 milljarða króna stöðugleikaframlag frá kröfuhöfum, endurgreiðslur á lánnum og langtímafjárfestingar í hagkerfinu.


Seðlabankinn og Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, munu fallast á beiðnir kröfuhafa um undanþágur frá fjármagnshöftum til að ljúka megi slitum. Þetta var tilkynnt á blaðamannafundi í gær.

Vegna mótvægisáðgerðanna mun hrein skuldastaða þjóðarbúsins lækka úr tæplega þriðjungum af landsframleiðslu í ár í undir tíu prósent á næsta ári. „Þetta er lægsta skuldastaða síðan á síldarárunum á sjöunda áratug síðustu aldar,“ sagði Már Guðmundsson.

– jhh / sjá síðu 16

Við erum að ná því meginmarkmiði sem stjórnvöld hafa sett sér varðandi afnám haftanna.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra



Tekjur af ferðamönnum sagðar stórlega ofmetnar

Tekjur af komu ferðamanna til landsins eru 140 milljörðum lægri en gefið hefur verið upp. Tveir sérfræðingar segja stjórnvöld vísitandi fara rangt með tölur.

FERÐAÞJÓNUSTA Tekjur af erlendum ferðamönnum sem koma til Íslands eru stórlega ofmetnar að mati sérfræðinga við Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Tekjur af erlendum ferðamönnum eru aðeins tæp 60 prósent af þeim upphæðum sem gefnar hafa verið upp til þessa. Þannig eru bæði stóriðja og sjávarútvegur stærri útflutningsgreinar en ferðaþjónustan.

Talað hefur verið um að tekjur af ferðaþjónustu geti numið um 1.000 milljörðum árið 2030. Í rauninni eru aðeins 60 prósent þess tekjur af komu erlendra ferðamanna. Hin 40 prósentin verða til erlendis.

Dr. Edward Hákon Huijbens og dr. Cristi Frent segja í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag að heppilegra sé að ræða um tekjur af erlendum ferðamönnum í stað útflutningstekna ferðaþjónustu. Sú mynd sem sé sett upp sé villandi og samræmist ekki alþjóðlegum stöðlum.

Stjórnvöld vita að tölur þeirra eru ekki réttar. Að mínu mati er þetta ekki fölsun heldur skilningsleysi stjórnvalda.

Edward Hákon Huijbens, doktor í ferðamálafræðum



„Við höfum verið að horfa upp á kapphlaup um að ferðaþjónustan sé stærst og best. Þannig fer hún áfram með stærstu mögulegu tölurnar í tekjum til þjóðarbúsins. Það getur þýtt í stóra samhenginu að menn fari í of miklar fjárfestingar því þeir telji meiri fjármuni í innlendra ferðaþjónustu en eru í rauninni,“ segir Edward Hákon.

„Við skiljum ekki af hverju stjórnstöð ferðamála setur þetta svona

fram. Af hverju er þörf á því að vera með rangar tölur? Stjórnvöld vita að tölur þeirra eru ekki réttar. Að mínu mati er þetta ekki fölsun heldur skilningsleysi stjórnvalda.“

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir þessar tölur ekki geta valdið ofpenslu eða offjárfestingu í greininni.

„Innlendir fjárfestar skoða vel þær tölulegu upplýsingar og gögn sem fyrir liggja hverju sinni. Fjárfesting í hótélbyggingum fer til að mynda almennt eftir tölum og spám um fjölda erlendra ferðamanna á viðkomandi stað, upplýsingum um önnur hótél á því svæði og öðru slíku,“ segir Helga. „Ég treysti markaðnum til að taka réttar ákvarðanir, en hins vegar hefur markaðurinn lengi kallað eftir frekari rannsóknum og framleiðslu tölfræðiupplýsinga til að byggja ákvarðanir sínar á.“

– sa / sjá síðu 20

Fréttablaðið í dag

SPORT Haukur Helgi Pálsson ætlar sér stóra hluti í vetur. 24-26

MENNING (90) 210 Garðabær frumsýnt annað kvöld 36-38

LÍFIÐ Ólafur Egill Egilsson fyllir í skarð Stefáns Karls Stefánssonar. 46-50

SKOÐUN Eymundur Leifsson fjallar um Landspítalamálið. 18-22

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFIÐ

*Samkvæmt prentmiðlökönnum Gallup apríl-júní 2015

4BLS BÆKLINGUR Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 | Akureyri • Undirhlíð 2

HREKKJAVAKA 2015

OPIÐ TIL KL 20 ÖLL KVÖLD

HOKUS POKUS

hokuspokus.is

ÍSÍÐ 4

Einstök blanda úr 4 olíum

– sa / sjá síðu 20

Veður



Í dag er spáð allhvarssi eða hvarssi austanátt með rigningu víða á landinu, talsverðri eða mikilli suðaustanlands fram á kvöld. Hiti 6 til 11 stig. **SJÁ SIÐU 40**

Verkfalli afstýrt um miðja nótt

KJARAMÁL SFR, SLFÍ og LL, þrjú fjölmennustu aðildarfélag BSRB, skrifuðu undir nýjan kjarasamning við ríkið aðfaranótt þriðjudags, eftir tveggja vikna samfellda samningalotu í skugga verkfalla. Með þessu var komist hjá allsherjarverkfalli SFR og SLFÍ sem átti að hefjast á miðnætti í gærkvöldi.

Samningurinn kveður á um launahækkanir á bilinu 29 til 32 prósent á næstu þremur árum, en lægstu taxtar hækka um 25 þúsund krónur. Þá taka félögin þátt í tilraunaverkefni sem miðar að því að stytta vinnuvikuna um fjórar klukkustundir, úr 40 stundum í 36.

„Við sem stóðum að þessum samningum erum mjög sátt við þessa niðurstöðu,“ segir Árni Stefán Jónsson, formaður SFR. „Þetta er alveg í anda þeirra markmiða sem við settum upp.“

Töf sem varð á að samningar næðust telur Árni Stefán að megi að hluta skrifa á þá vinnu sem fram fór í svonefndum SALEK-hópi um endurskipulag kjaravíðræðna. „En svo eru þetta bara flóknir kjarasamningar og tekur sinn tíma að ná þeim saman.“

Félögin kynna samningana sínu fólki á næstu dögum, en að því loknu fer fram um þá atkvæðagreiðsla. - óká

Við sem stóðum að þessum samningum erum mjög sátt við þessa niðurstöðu.



Árni Stefán Jónsson, formaður SFR

Flutningar á Árbæjarsafni



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tók þátt í að flytja muni yfir í nýtt varðveisluhús við Kistuhyl í Árbæjarsafni. Húsið er það fyrsta í eigu borgarinnar sem býður upp á bestu mögulegu varðveisluskilyrði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

TransAtlantic íhugar skaðabótamál

FERÐAÞJÓNUSTA Ferðaskrifstofan TransAtlantic íhugar að höfða skaðabótamál á hendur lettneska flugfélaginu SmartLynx fyrir að hafa ekki komið á framfæri réttum upplýsingum til ferðaskrifstofunnar um leið og þær lágu fyrir, þegar lendingu á Akureyri var breytt og lent í Keflavík að kvöldi 13. október síðastliðins.

Ferðaskrifstofan mun í samráði við lögmann athuga hvort ástæða sé til kröfugerðar á hendur flugfélaginu. „Þá með það að leiðarljósi að leita eftir skaðabótum til handa farþegum hennar í töðu flugi,“ segir Egill Örn Arnarson Hansen, forsvarsmáður TransAtlantic.

Ástæður SmartLynx fyrir að lenda í Keflavík voru slæm veðurskilyrði á Akureyri. Hins vegar hefur komið í ljós að veðrið þar var með ágætum. 90 mínútum eftir lendingu í Keflavík fór vélin aftur á loft áleiðis til Riga með 104 farþega innanborðs. - sa

Sýna yfir helming verka en fá aðeins brot fjárlagsins

Sjálfstæðu leikhúsin frumsýna yfir helming nýrra verka og fá þrjátíu prósent leikhúsgesta en einungis átta prósent fjármagnsins sem rennur til sviðslista. Bandalag sjálfstæðra leikhúsa hefur óskað eftir hærra framlagi í næstu fjárlögum.

EFNAHAGSMÁL Sjálfstæðu leikhúsin telja ekki jafnræðis gætt milli stóru leikhúsanna og sjálfstæðu leikhúsanna vitt og breitt um landið. Sjálfstæðu leikhúsin fá aðeins brot af þeim fjármunum sem stóru leikhúsin fá á fjárlögum ár hvert. Hafa þau óskað eftir að framlag til atvinnuleikhópa hækki um 36 prósent í næstu fjárlögum.

Bandalag sjálfstæðra leikhúsa er samtök sjálfstætt starfandi atvinnufólks í sviðslistum. Hafa samtökin sent inn umsögn um fjárlagafrumvarpið til allsherjar- og menntamálanefndar. „Til marks um gæði sýninganna er vert að geta þess að síðastliðið leikár hlutu hópar innan SL helming allra tilnefninga til Grímunnar,“ segir í umsögn samtakanna.

„Það er réttlætismál fyrir okkur sjálfstæðu leikhúsin að stærri hluti af fjármagni hins opinbera til sviðslista renni til sjálfstæðu leikhúsanna sem eru að gera mjög góða hluti. Nú er svo komið að sjálfstæðu leikhúsin frumsýna yfir helming allra verka á Íslandi á hverju ári og fá til sín þrjátíu prósent allra gesta en einungis átta prósent fjármagnsins sem rennur til sviðslista, það finnst okkur of lítil hluti af kökunni,“ segir Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri sjálfstæðu leikhúsanna.

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, sagði nú unnið í því að taka saman umsagnir um fjárlagafrumvarpið og að ekki væri hægt á þessu stigi málsins að ræða einstakar umsagnir. „Þessi vinna er í meðförum nefndarinnar og við munum gefa okkur tíma í að fara yfir þær umsagnir sem berast,“ segir Vigdís Hauksdóttir.

Sjálfstæðu leikhúsin telja lyklatríði að bæta rekstrarumhverfi sviðslistahópa, meðal annars með því að úthlutunum til sviðslista á Íslandi verði safnað saman á einn stað. Ekki hefur náðst



Sviðslistir hafa skilað þjóðarþúinu miklum tekjum síðustu ár. Atvinnuleikurum við sjálfstæðu leikhús hefur fjölgað mikið síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslenskar sviðslistir hafa á síðustu árum skapað miklar útflutningstekjur fyrir þjóðarþúinu. Við Hjá Vesturporti höfum flutt út leikverk og hugvit síðustu ár og hefur gengið mjög vel.

Rakel Garðarsdóttir, framleiðandi hjá Vesturporti



Það markmið að fjárframlög til sjálfstæðrar atvinnustarfsemi í leiklist séu í samræmi við styrkveitingar stofnana-leikhúsa eins og sjálfstæðu leikhúsin hafa viljað síðustu ár.

Rakel Garðarsdóttir, framleiðandi hjá Vesturporti, segir sjálfstæðu leikhúsin ekki fá þá viðurkenningu sem þau eiga skilið. „Íslenskar sviðslistir hafa á síðustu árum skapað miklar útflutningstekjur fyrir þjóðarþúinu. Við Hjá Vesturporti höfum flutt út leikverk og hugvit síðustu ár og hefur gengið mjög vel. Það væri óskandi ef sjálfstæðu leikhúsin fengu meiri hjálp frá hinu opinbera en raun ber vitni,“ segir Rakel. sveinn@frettabladid.is

f / Indiska Iceland

Vinnuáætlun Fari // 1015

Allir kjólar
20%
AFSLÁTTUR
gildir til 1. nóvember

INDISKA

Kringlan / 588 2300



RENAULT
Passion for life

Renault CLIO

Sjálfskiptur sparneytinn dísilbíll



DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Renault var þriðji mest keypti bíllinn á Íslandi 2014.** Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla með einstaklega hagkvæmri „Dual Clutch“ sjálfskiptingu. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault.

**Miðað við almenna sölu til einstaklinga og fyrirtækja án bílaleiga árið 2014

Verð: 2.990.000 kr.
CLIO
Dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 3,7 l/100 km*

Verð: 3.190.000 kr.
CLIO SPORT TOURER
Dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 3,7 l/100 km*



**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“**

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Íslensk börn gætu haft það betra

Breski sálfræðingurinn Christine Puckering rannsakar velferð íslenskra, hollenskra, finnskra og norskra barna. Hún segist sjálf myndu vilja endurfæðast sem norskt barn vegna aðstæðna þar og trúir að velferð íslenskra barna sé hugsjónastarfi í málaflöknum að þakka.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjana@frettabladid.is
 Sæunn Gísladóttir saeunn@frettabladid.is



NOREGUR

Best að vera barn í Noregi

„Ég myndi vilja vera barn í Noregi. Vinnutíminn er styttri og á sunnudögum er eiginlega allt lokað. Norskar fjölskyldur gera eitthvað með börnunum annað en að fara í búðir,“ segir hún og kímur en hún hefur tekið eftir því að íslenskar fjölskyldur nota frítímann um helgar til að versla. „Í Noregi er einnig góð heilbrigðisþjónusta við foreldra og börn og fylgst með velferð þeirra. Þegar góð heilbrigðisþjónusta og fjölskylduvænar áherslur fyrirtækja og samfélags fara saman þá eiga börnin meiri möguleika.“

SAMFÉLAG „Þetta eru engin geimvísindi, þetta er miklu merkilegra,“ segir Christine Puckering sálfræðingur um velferð ungra barna og aðferðir til þess að auka nánd í tengslum barna og foreldra. „Fái barnið góðan grunn á fyrstu æviárum sínum þá er líklegt að það geti sjálft átt gott samband við börn sín á fullorðinsárum.“

Christine rannsakar hversu vel er staðið að velferð ungra barna í fjórum löndum, Íslandi, Hollandi, Finnlandi og Noregi, og fékk til þess styrk frá minningarsjóði Winston Churchill.



ÍSLAND

Aðkrepptir foreldrar

„Ég furða mig á því hvers vegna íslenskum börnum virðist vegna vel. Það er ekki nægilega vel fylgst með afdrifum barna í áhættuhópi. Þá fylgist Barnavernd ekki nægilega með börnum yngri en þriggja ára. Ég tel að íslensk börn njóti hugsjónastarfs í heilbrigðisgeiranum. Það er tiltölulega lítill hópur heilbrigðisstarfsmanna sem vinnur magnað starf.“

Christine telur upp fleiri þætti í íslensku samfélagsgerð sem mætti standa betur að. „Hrunið hefur haft áhrif hér á landi. Hér er vinnutími foreldra langur og þeir eiga því minni möguleika á frítíma með barninu sínu, þeir eru undir meira álagi og þurfa að vinna meira fyrir nauðsynjum.“ Þá nefnir hún að frítíma með barninu um helgar þurfi foreldrar oft að eyða í stórmörkuðum. Þá skortir sveigjanleika á vinnumarkaði og fleiri úrræði á dagvistun barna.

Ég tel að íslensk börn njóti hugsjónastarfs í heilbrigðisgeiranum, þá sérstaklega vandaðs mæðraeftirlits. Það er tiltölulega lítill hópur heilbrigðisstarfsmanna sem vinnur magnað starf.

Christine Puckering sálfræðingur

Ertu að hugsa um skiptinám?
Ferðaskrifstofan Mundo heldur kynningarfund um skiptinám á Spáni og í Þýskalandi á Hallveigarstöðum, fimmtudaginn 29. október klukkan 17:00. Allir velkomnir!



Nánari upplýsingar hjá margret@mundo.is



HOLLAND

Sveigjanlegur vinnumarkaður

„Í Hollandi dáðist ég að mæðraeftirlitinu. Heilbrigðisstarfsmaður heimsækir fjölskyldur eftir fæðingu barns í nokkrar klukkustundir á dag í viku til að styðja við þær. Starfsmaðurinn fylgist með heilsu móður og barns en aðstoðar líka á heimilinu og gerir viðvart til hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra ef ástæða er til. Í Hollandi er sveigjanlegur vinnumarkaður ef til vill vegna þess að fæðingarorlof mæðra er ekki langt og fedra aðeins fáeinir dagar. Framboð á hlutastörfum er meira sem bæði kynin nýta sér og fleiri dagvistunarúrræði.“



FINNLAND

Finnar færa gjafir

Í Finnlandi eru nýir borgarar boðnir sérstaklega velkomnir með gjöfum sem nýtast fyrstu vikurnar og Christine er að auki hrifin af mikilli samhæfingu heilbrigðisstarfsfólks. Það sem reynist finnsku samfélagi erfiðast sé að veita jafna þjónustu til allra foreldra, sem búa sumir á strjálbýlum svæðum landsins.

„Ljósmæður, hjúkrunarfræðingar og sérhæft heilbrigðisstarfsfólk vinnur saman með fjölskyldunni þar til barn hefur skólagöngu sína, sjö ára gamalt, ég held það skipti máli.“



Christine Puckering rannsakar hvers vegna íslensk börn hafa það gott og ætlar að miðla niðurstöðum rannsóknarinnar til Skotlands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslensk börn koma misvel út úr nýrri skýrslu OECD

Íslensk börn eru þau ánægðustu með lífið meðal OECD-ríkja. Flest íslensk börn búa við góð efnisleg og umhverfisleg gæði. Hins vegar búa 11,6 prósent íslenskra barna á heimili þar sem ekkert foreldri vinnur. Þetta kemur fram í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD, How's Life in Iceland?, sem gefin var út í október. Í skýrslunni kemur fram að fleiri íslensk börn búa á heimili þar sem ekkert foreldri vinnur en OECD-meðaltalið, sem er 9,5 prósent.

Niðurstöður um heilsufar barna er tvírátt. Í fyrsta lagi er ungbarnadauði hér á landi sá lægsti meðal OECD-ríkja. Aftur á móti segjast 15,5 prósent aðspurðra barna ekki vera við góða heilsu, samanborið við 13,6 prósent meðaltal innan OECD.

Þegar kemur að menntun barna er ljóst að almennt liður börnum vel í skóla. 80,4 prósent aðspurðra barna sögðu að flestir bekkjarfélagar sínir væru góðir og hjálplegir samanborið við 68,2 prósent meðaltal innan OECD. Einnig sagðist 91 prósent hafa gaman af skólanum, sem er hæsta hlutfallið meðal OECD-ríkja. Lestrarkunnátta íslenskra barna er hins vegar undir meðaltali OECD og er Ísland í lægsta þriðjungi meðal OECD-ríkja þegar kemur að lestrarkunnáttu. Til lengri tíma lítið er Ísland einnig með lægra hlutfall fullorðinna sem hafa lokið stúdentsprófi en meðaltal OECD.

Líkt og meðal annarra OECD-ríkja er mikill munur á velferð barna eftir tekjum foreldra. Þegar borið er saman heilsufar aðspurðra barna má sjá að hjá þeim sem eiga ríkari foreldra segjast

Velferð barna á Íslandi samanborið við OECD-lönd

	● efsti þriðjungur	● milliþriðjungur	● lægsti þriðjungur
Laun	Ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna	Fátækt barna	
Störf og tekjur	Börn á heimilum þar sem enginn vinnur	Börn með foreldri í langtímaatvinnuleysi	
Húsnæði	Fjöldi herbergja fyrir hvert barn		
Umhverfisgæði	Börn í slæmum umhverfisgæðum		
Heilsufar	Ungbarnadauði	Lág þyngd við fæðingu	Heilsufar aðspurðra barna
	Offita	Sjálfsmorð unglinga	Punganir unglinga
Menntun og kunnátta	Lestrarkunnátta 15 ára barna (PISA)	Svipting menntunar	
Félagslegt og fjölskylduumhverfi	Börn sem eiga auðvelt með að tala við foreldra	Börn sem eiga góða bekkjarfélaga	Börn sem finna fyrir álagi vegna lærdóms
	Börn sem kunna vel við skólann	15 ára sem finnst þau tilheyrja skólanum sínum	
Öryggi	Morðtöni barna	Einelti	
Huglæg vellíðan	Ánægja með lífið		

Heimild: Skýrsla OECD How's Life in Iceland, október 2015

26,9%

barna sem eiga fátækari foreldra eru við verri heilsu.

12 prósent vera við slæma heilsu en 26,9 prósent barna sem eiga fátækari foreldra. Þetta er meiri munur en innan meðaltals OECD-ríkja þar sem 18,4 prósent fátækari barna segjast vera við slæma heilsu en 11 prósent ríkra barna. Fátækari börn á Íslandi eru einnig töluvert óánægðari með líf sitt en þau efnameiri og er munurinn meiri en innan meðaltals OECD.

Konukvöld

Blómavals í Skútuvogi í kvöld

kl. 18:00 til 21:00

Dagskrá hefst kl. 18:00

Kynnir kvöldsins: Svanhildur Þórsteinsdóttir

- Karlakór Kjalnesinga syngur kl. 18:30
- Páll Óskar tekur lagið kl. 19:30
- Blómaskreytar Blómavals sýna borðskreytingar kertaskreytingar, blómaskreytingar og gefa góð ráð.
- Happdrætti með glæsilegum vinningum
- Snyrtivörukynningar og smakk á ýmsum vörum í Heilsutorgi Blómavals

**Mættu tímanlega
Kaffi Garður kl. 17:30-20:00**

- Humarsúpa 990 kr
 - Kókoskarrí grænmetissúpa 690 kr
- Einnig hægt að kaupa hvítvinsglas með súpunni fyrir þá sem vilja.



Páll Óskar

Svanhildur Þórsteinsdóttir

**25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
VÖRUM Í BLÓMAVALI**

JÓLAVÖRUR, GJAFAVÖRUR, KERTI, VASAR,
AFSKORIN BLÓM, POTTAPLÖNTUR,
JÓLALJÓS, SERÍUR, BÚSÁHÖLD O.FL.
KL. 17:30 - 21:00

**25% AFSLÁTTUR AF SNYRTI- OG
HREINLÆTISVÖRUM Í HEILSUTORGI
BLÓMAVALS OG 10% AF MATVÖRU.**

**HAPPDRÆTTI
FJÖLDI GLÆSILEGRA VINNINGA**

TAKTU ÞÁTT, VIÐ DRÖGUM ÚT
GJAFAKÖRFUR OG GLÆSILEGA
VINNINGA ALLT KVÖLDIÐ.

Vörukynningar, smakk og fleira frá eftirtöldum aðilum:

Toppur með eplabragði • Konfekt frá Nóa Síríus • Remington hársnyrtitæki
Quality Street konfekt • Kötlu vöflumix • Weleda snyrtivörur • Noel jólailmurinn
AME sósíal drykkurinn • Lavera snyrtivörur • Derma Eco Woman snyrtivörur
Íslensk hollusta, berjasafar og sultur • Rapunzel matvörur • Vítex rauðrófusafi
Triftofán bætiefni • Iccare bætiefni • Balsam snyrtivörur • Blóm í egg, te og
hárlitunarvörur • Purity Herbs snyrtivörur • Organic Vitabiosa • Lúpínuseyði frá
Svarta Hauki • Berry safar og súkkulaði • matvörur frá Yggdrasil • Íslenskt lýsi frá
Dropa • Happy Calm Focus bætiefni • Tea Pigs og fleira.

Við bökkum vöflur
í boði Kötlu



Allir fá að smakka Toppur
með eplabragði meðan
bírgðir endast



**25%
afsláttur
af öllum vörum
í Blómavali**

blómaval
heillandi heimur



Tillaga biskups er nú til umfjöllunar í nefndarstarfi Kirkjubings.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Prestar missi tekjur af hlunnindum

TRÚFÉLÖG Agnes M. Sigurðardóttir, biskup þjóðkirkjunnar, mælir á yfirstandandi Kirkjubingi fyrir tillögu sem þýðir að prestar sem taka við prestssetursjörðum eftir næstu áramót fái ekki tekjur af hlunnindum jarðanna ef þau krefjast ekki vinnuframlags þeirra.

Þá fái núverandi prestar á prestssetursjörðum óskiptar hlunnindatekjur upp að 720 þúsund krónum, viðkomandi sókn næstu 720 þúsund krónur og síðan skipta þessir aðilar tekjum umfram það til helminga.

„Lagt er til að kirkjubing 2015 samþykki að helmingur af tekjum fyrirhafnarlitilla hlunninda af jörðum og prestssetursjörðum í eigu kirkjumála-sjóðs, renni framvegis til sóknar þeirrar þar sem jörðin er, enda sé kirkja á jörðinni í umsjá sóknarinnar. Þá er sömuleiðis lagt til að þingið samþykki að þegar prestsembætti eru auglýst, sem prestssetursjörð fylgir, skuli, þar sem það á við, fyrirhafnarlitil hlunnindi undanskilin,“ segir í tillögunni sem kemur frá starfshópi sem biskup skipaði í fyrra.

Í greinargerð starfshópsins segir um núverandi fyrirkomulag að hlunnindagreiðslurnar séu barn síns tíma og eigi ekki við lengur. Þær byggja ekki á sanngirnissjónarmiðum og séu úr takti við aðra umbun á vegum opinberra aðila.

Í tillögu biskups segir að til greina gæti komið að Kirkjubing skipaði nefnd til að fjalla sérstaklega um málið. Tillagan er nú til umfjöllunar í nefndarstarfi Kirkjubings. -gar

LEIÐRÉTT

Nöfn þjóðarleiðtoga Norðurlandanna voru röng í texta við mynd í blaði gærdagsins.

Rétt nöfn þeirra eru Stefan Löfven, Erna Solberg og Knud Kristiansen.

Í frétt um meiðsli Eypórs Arnar Baldurssonar fímléikamanns á síðu 12 í Fréttablaðinu 27. október var hann skrifaður Baldvinsson. Bedist er velvirðingar á því.

Hrekkjavaka dýranna



Api virðir fyrir sér óboðinn gest sem dúkkaði upp í apabúrinu í dýragarðinum í Leipzig. Starfsmenn dýragarðsins hafa komið upp útskornum gras-kerum meðal dýranna í tilefni af hrekkjavökunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sprenging í sölu nýrra rafbíla

240 rafmagnsbílar hafa selst á árinu. Búið er að selja riflega tvöfalt fleiri nýja rafmagnsbíla það sem af er þessu ári en allt síðasta ár. Niðurfelling virðisaukaskatts og aukið drægi eru sögð skýra söluaukninguna.

VIÐSKIPTI Búið er að selja riflega tvöfalt fleiri nýja rafmagnsbíla það sem af er þessu ári en allt síðasta ár. 240 nýir rafmagnsbílar hafa selst á þessu ári en í fyrra seldust 90 rafmagnsbílar, 49 árið 2013 og 10 rafmagnsbílar árið 2012.

Helsta skýringin á aukinni sölu er að virðisaukaskattur af bilunum var felldur niður 1. janúar 2014 að sögn Özurar Lárussonar, framkvæmdastjóra Bilgreinasambandsins. Þá séu engin vörugjöld greidd af rafmagnsbílum þar sem þeir losi ekki koltvísýring. Því sé nú hægt að kaupa nýjan rafmagnsbíl hér á landi á þrjár til fjórar milljónir króna.

Özur segir hjálpa til að rekstrar-kostnaður rafmagnsbíla sé

lágur auk þess sem drægi þeirra sé að aukast. „Með hverri kynslóð af nýjum rafmagnsbíl kemur betri bill, betri rafhlada og meira drægi.“

Reikna megi með að hægt sé að komast á 80-120 kílómetra á einni hleðslu. Þeir séu því kjörnir fyrir hefðbundinn innanbæjarakstur, úr og í vinnu. „En ef þú ætlar að fara í lengri ferðalög hentar þetta engan veginn,“ bendir Özur á.

Hins vegar liggja fyrir að drægi rafmagnsbíla muni batna og þeir muni lækka í verði á næstu árum. En til þess að rafmagnsbílar verði raunhæfur valkostur á ferðum um landið þurfi að koma upp hraðhleðslu-stöðvum hringinn í kringum Ísland. ingvar@frettabladid.is



Özur bendir á að koma þurfi upp hraðhleðslustöðvum um allt land eigi rafmagnsbílar að vera raunhæfur kostur í langferðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nýir bílar rjúka út

Sala nýrra bíla sem ganga fyrir bensíni og dísilolíu hefur aukist líkt og sala bíla sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum. Búið er að selja um 13.500 nýja bíla það sem af er þessu ári miðað við um 10.600 í fyrra og 8.000 árið 2013. Sala tvinnbíla, sem ganga bæði fyrir rafmagni og bensíni hefur aukist um 40 prósent milli ára og sala bíla sem ganga fyrir metani og bensíni hefur margfaldast milli ára.



Númeruð grafíkverk fylgja fyrstu 60 seldu eintökunum!

ERRÓ ÁRITAR

Erró áritar enska útgáfu bókar Aðalsteins Ingólfssonar, *Erró – A Lifescape*, um líf og störf þessa meistara málaralistarinnar.


Áritunin fer fram í Karólinustofu á Hótel Borg í dag, fimmtudag, kl. 12–13. Gengið er inn við enda hússins.



**TAX
FREE
DAGAR**

**ENN BETRA VERÐ!
ALLAR OUTLET VÖRUR**

ÁN VIRÐISAUKASKATTS*
DAGANA 29 OKT. - 1. NÓV.





**HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM
OG HAGKAUP SMÁRALIND**


AÐEINS 8 VERÐ


 ~~500~~
Verð nú **403kr**


 ~~1.000~~
Verð nú **806kr**


 ~~2.000~~
Verð nú **1.612kr**

 ~~3.000~~
Verð nú **2.419kr**

 ~~4.000~~
Verð nú **3.225kr**

 ~~5.000~~
Verð nú **4.032kr**

 ~~6.000~~
Verð nú **4.838kr**

 ~~8.000~~
Verð nú **6.451kr**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Spenna í aðdraganda þingkosninga

Tyrkneska lögreglan réðst inn á skrifstofur helstu fjölmiðla stjórnarandstöðunnar. Þingkosningar verða á sunnudaginn.

TYRKLAND Helstu fjölmiðlar tyrknesku stjórnarandstöðunnar hafa mátt sæta margs konar ofríki af hálfu stjórnvalda síðustu vikurnar. Í gær réðst lögreglan inn á skrifstofur sjónvarpsstöðvanna Kanaltürk og Bugün, sem báðar eru í eigu fjölmiðlavaldisins Koza-Ipek.

Báðar þessar sjónvarpsstöðvar hafa, ásamt dagblöðunum Millet og Bugün, gefið stjórnarandstöðunni meira pláss en flestir aðrir fjölmiðlar landsins.

Í september birti dagblaðið Bugün forsíðugrein þar sem tyrkneska stjórnin var sókuð um að hafa komið vígasveitum Íslamska ríkisins í Sýrlandi til aðstoðar. Stuttu síðar réðst lögreglan inn á skrifstofur Bugün.

Fjölmiðlarnir, sem stjórnvöldum er svo uppsígað við, eru allir tengdir Fethullah Gülen, tyrkneskum stjórnarandstæðingi sem árum saman hefur verið í sjálfskiðpaðri útlegð í Bandaríkjunum.

Gülen er 74 ára trúarleiðtogi og rithöfundur, leiðtogi eigin hreyfingar sem boðar hófsaman íslamsma en þykir jafnframt einkennast af persónudýrkun á Gülen sjálfum. Stjórnin í Tyrklandi hefur sakað hreyfinguna um tengsl við hryðjuverk og spillingu.

Þingkosningar verða haldnar í Tyrklandi á sunnudaginn. Recep Tayyip Erdogan forseti vonast til þess að sinn flokkur, Réttlætis- og þróunarflokkurinn, nái þá aftur þingmeirihluta.

Síðast var kosið til þings í Tyrklandi í júní síðastliðnum og þá missti Réttlætis- og þróunarflokkurinn meirihluta sinn, en þeir fjórir flokkar sem kosnir voru á þing náðu engum

árangri í stjórnarmyndunartilraunum.

Fyrri ríkistjórn Réttlætis- og þróunarflokksins hefur því setið áfram til bráðabirgða í bráðum hálfri ár. Skoðanakannanir benda ekki til þess að eftir kosningarnar á sunnudag verði möguleikar á stjórnarmyndun orðnir neitt skárri.

Réttlætis- og þróunarflokkurinn hefur í meira en áratug setið einn að völdum, um tíma með nægan meirihluta til að geta breytt stjórnarskránni á eigin spýtur.

Núna væri eini möguleiki hans á tveggja flokka stjórn samstarf við helsta andstæðing sinn, gamla Lýðveldisflokkinn sem lengst af var öflugasti flokkur landsins.

Samkvæmt skoðanakönnunum hefur fylgi Réttlætis- og þróunarflokksins minnkað eitthvað en fylgi Lýðveldisflokksins styrkst svölítið, en þær breytingar skipta ekki sköpum.

Hvorugur stóru flokkanna er áfjádur í stjórnarsamstarf með hægri þjóðernissinum, og hvorugur er heldur áfjádur í samstarf með flokki Kúrda. Þess vegna hafa stjórnarmyndunarviðræður engu skilað og ekki sjáanlegt að kosningarnar á sunnudag breyti þar miklu.

Sjálfur var Erdogan kosinn forseti á síðasta ári, eftir að hafa verið forsætisráðherra í rúman áratug. Hann var einnig leiðtogi Réttlætis- og þróunarflokksins frá stofnun árið 2001, en sagði af sér flokksformennskunni daginn áður en hann tók við forsetaembættinu í ágúst árið 2014. gudsteinn@frettabladid.is



Krafist fjölmiðlafrelsis fyrir utan höfuðstöðvar dagblaðsins Bugün og sjónvarpsstöðvarinnar Kanaltürk. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Baráttan gegn Kúrdum

Ásakanir um stuðning stjórnarinnar við Íslamska ríkið í Sýrlandi tengjast spennu milli stjórnarinnar og Kúrda, sem hafa áratugum saman barist fyrir viðurkenningu stjórnvalda. Réttindi þeirra hafa verið fótum troðin í Tyrklandi allt þar til á síðustu árum, þegar samið var um vopnahlé

og stjórn Erdogans gaf að nokkru eftir og veitti Kúrdum aukin réttindi. Helst vilja Kúrdar stofna sjálfstætt ríki Kúrda, Kúrdistan.

Hálfildings sjálfstæði Kúrda-héraðanna í Írak og í Sýrlandi vekur ótta tyrknesku stjórnarinnar, sem þess vegna hefur verið treg til að

styðja Kúrda gegn Íslamska ríkinu. Þegar átökin við Íslamska ríkið stóðu sem hæst í sumar leituðu Tyrkir á náðir NATO og fengu þar stuðning við baráttu sína gegn hryðjuverkamönnum, en hafa til þessa notfært sér það meira til árasa á Kúrda en til að berjast gegn Íslamska ríkinu.

OPINN KYNNINGARFUNDUR Á NAUTHÓLI

Föstudagur 30. október kl. 8:30 – 10:00

Morgunkaffi frá kl. 8:00

Skráning á landsvirkjun.is

Umhverfisáhrif vindlundar við Búrfell

Ný skýrsla um umhverfisáhrif þess að reisa vindmyllulund ofan við Búrfell er nú komin út. Rafræn útgáfa skýrslunnar sýnir framkvæmdina og áhrif hennar á myndrænan hátt. Hægt er að skila athugasemdum til Skipulagsstofnunar til 26. nóvember nk.

Fundarstjóri: **Ragna Árnadóttir**, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar

Rafrænt umhverfismat: **Ný leið til samskipta við hagsmunaaðila**

Margrét Arnadóttir, verkefnastjóri vindorku hjá Landsvirkjun

Hvaða áhrif hafa vindmyllurnar á umhverfið?

Rúnar Dýrmundur Bjarnason, verkefnastjóri hjá Mannviti

Hvernig getur þú komið að málum?

Jóna Bjarnadóttir, verkefnastjóri umhverfismála hjá Landsvirkjun

burfellslundur.landsvirkjun.is

 Landsvirkjun





Hátt
frostþol



Hágæða
andadúnn



Límdir
saumar



Vatnsfrá-
hrindandi



Fyrir bæði
kynin

INGPÓR er klæðileg úlpa með hágæða andadún. Hún hrindir frá sér vatni og er með límdum saumum. Traustur ferðafélagi á jökulinn eða inn í veturinn.



CINTAMANI

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á
bilaland.is

**ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN**



TÖKUM NOTAÐAN
UPPÍ NOTAÐAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

MERCEDES BENZ GL 350 4matic
Nýskr. 12.14, ekinn 18 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 102981.

Glæsilegur bíll
17.800 þús.



VW TIGUAN SPORT
Nýskr. 11.12, ekinn 45 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.690 þús.
Rnr. 102938.



KIA SPORTAGE EX 4wd
Nýskr. 02.15, ekinn 47 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.390 þús.
Rnr. 120799.



HYUNDAI i20 CLASSIC
Nýskr. 06.13, ekinn 51 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 1.940 þús.
Rnr. 103056.



HYUNDAI i10 COMFORT
Nýskr. 05.14, ekinn 69 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.850 þús.
Rnr. 143020.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 02.14, ekinn 36 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 320373.




NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06.13, ekinn 82 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 6.250 þús.
Rnr. 143096.

bilaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is



Þessi seiði eru aðeins gramm að þyngd og átta eftir að tutugufalda þyngd sína áður en þau voru send til laxalúsafts í fær-
eyskum sjókvíum. MYND/AGNAR

Verulegt tekjutap er þegar orðið staðreynd

Veirusýking í hrognkelsum þarf ekki að þýða endalok viðskipta með seiði til Fæ-
reyja. Tilraunastöð Hafró í Grindavík hefur fargað öllum fiski og hrognum. Veiran
hefur ekki greinst í íslenskum seiðum í Færeyjum frekar en áður hérlendis.

NÁTTÚRA Það skýrist á næstu vikum
hvort framhald verður á samstarfs-
verkefni Tilraunastöðvar Hafrann-
sóknastofnunar í Grindavík og Stofn-
fisks ehf., við að ala hrognkelsaseiði
fyrir færaysk laxeldisfyrirtæki. Verulegt
tekjutap á þessu ári er þó staðreynd.

Matvælastofnun greindi frá því
fyrir helgi að veira sem veldur sjúk-
dómnum veirublæði hafi greinst í
innyflum hrognkelsa úr Breiðafirði
sem nýtt voru til undaneldis á seiðum
sem flytja átti til Færeyja til þjónustu
við þarlent laxeldi. Seiðin eru notuð til
aflúsunar á laxi í sjókvíum, en reynslan
sýnir að seiðin éta gríðarlegt magn af
laxalús, sem er viðvarandi vandamál í
færeysku sjókvíaldri á laxi. Verkefnið
hófst í fyrra og höfðu samningar verið
endurnýjaðir um frekara eldi og sölu.

Agnar Steinarrson, sérfræðingur hjá
Hafrannsóknastofnun, segir enn þá
óvíst hvað sýkingin þýði en ofsnemmt
sé að tala um hvaða upphæðir er um
að ræða, og samningsatriði hvernig
tjóninu verður deilt á milli íslenskra
og færayskra aðila.

„Það er þó ekkert víst að seiðaeldi
fyrir Færeyinga sé fyrir bí. Það hefur
enn þá ekkert greinst í seiðum sem
voru send út til Færeyja né heldur í
eldisfiski. Ef ekkert greinist hjá þeim
þá þurfa þeir ekki að fara út í það að
slátra hrognkelsum eða snemmslátra
laxi. Það er reyndar langsótt að þetta
smitist á milli tegunda, auk þess hafa
aldrei orðið afföll út af þessari veiru í
laxeldi,“ segir Agnar og bætir við að
þrátt fyrir allt séu seiðin eina lausnin
á lúsavandamálinu sem er gríðarlegt
vandamál í færaysku laxeldi. Þetta áfall
er því bein ávísun á að aftur þurfa Fær-
eyingar að meðhöndla sjókvíalax með

Veirublæði er alvarlegur smitsjúkdómur

- Veirublæði er smitsjúkdómur sem greinst hefur í um 80 tegundum fiska um allan heim, algengast þó á norðurhvelinu, bæði í villtu umhverfi og fiskeldi.
- Litið er á veirublæði sem alvarlegan tilkynningaskyldan smitsjúkdóm sem ber að útrýma með förgun og eyðingu á smituðum fiski.
- Menn óttast sérstaklega eina af fjórum arfgerðum veirunnar

[1a]; hún smitar bæði fersk-
vatns- og sjávarfiska. Aðrar
arfgerðir veirunnar greinast fyrst
og fremst í sjávartegundum
og smita sjaldnast ferskvatns-
tegundir á borð við laxfiska.

Svo hægt sé að staðfesta arf-
gerð þeirrar veiru sem greindist í
íslenskum hrognkelsum verða sýni
send til rannsóknastofu ESB í veiru-
sjúkdómum lagardýra í Danmörku.
Niðurstöðu er að vænta um
mánaðamótin.



Það er þó ekkert
víst að seiðaeldi
fyrir Færeyinga sé fyrir bí.
Það hefur enn þá ekkert
greinst í seiðum sem voru
send út til Færeyja né heldur
í eldisfiski.

Agnar Steinarrson,
sérfræðingur hjá
Hafró



lyfjum. Því fylgir bæði mikill kostnaður
auk álitamála um umhverfismál sam-
hliða lyfjagjöfinni.

Agnar segir að aldrei hafi sést nein
ytri einkenni á fiskinum og engin afföll
hafi orðið af völdum veirunnar.

„Við höfum þó fargað öllum hrogn-
kelsum og hrognum sem voru eftir í
stöðinni og erum núna í sóttreins-
unarferli. Þetta mál sýnir okkur að
villtur fiskur getur borið með sér sjúk-
dómvalda þó að hann sýni engin sjúk-
dómseinkenni. Ekki hefur verið leitað
að þessari veiru í villtum íslenskum
fisktegundum en í stórrí norskri rann-
sókn kom í ljós að að þessi veira finnst
í fjölmörgum villtum fisktegundum
við Noregsstrendur,“ segir Agnar en
allt verklag varðandi villtan klakfisk
verður endurskoðað. „Verði framhald
á hrognkelsaldinu þá verður allur
villtur klakfiskur hafður í sóttkvíar-
aðstöðu fjarri öllum eldisstöðvum.“

svavar@frettabladid.is

DEBENHAMS

25%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM KÁPUM
& FRÖKKUM

FYRIR DÖMUR & HERRA



25% AFSLÁTTUR AF TAMARIS & JESSIGIRL SKÓM HELDUR ÁFRAM ALLA HELGINA! *Tamaris* JESSIGIRL

Gildir út sunnudag

 Finndu okkur á facebook

Opið til kl. 21:00 í kvöld

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



Marai Larasi var hér á vegum Stígámóta til að hrísta upp í íslenskum konum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hvítar konur þurfa að fórna forréttindunum

Marai Larasi, svartur femíniskur aktivisti, segir svartar konur þurfa að búa við margfaldar hindranir á við hvítar konur. Þær verði frekar fyrir lögregluofbeldi og séu klámgerðar. Hvítar stórstjórnur tengi sig svörtum kúltúr til að vera óþekkar.

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

MANNRÉTTINDI. „Forréttindi eru eins og súrefni, við tökum ekki eftir þeim fyrr en einhver ögrar þeim,“ segir Marai Larasi, breskur aktivisti sem á ættir að rekja til Jamaíka í Karíbahafi. Hún var stódd hér á landi fyrr í vikunni á vegum Stígámóta.

„Já, ég hef ákveðin forréttindi, ég er öfötluo kona og geri ráð fyrir að hafa aðgengi að heiminum á annan hátt en fólk sem býr við líkamlega fötlun. Ég hef líka þau forréttindi að kynvitund mín stemmir við líffræðilegt kyn mitt.“

Marai er sérfræðingur í svörtum femínisma (e. black feminism), stefnu sem hefur verið að ryðja sér rúms hjá konum sem tilheyra öðrum minnihlutahópum. Í mörgum öðrum vest-rænum löndum hefur umræðan snúist um það að hvítir vel menntaðir femínistar, sem stýra femínískri umræðu, veiti öðrum konum ekki pláss í baráttunni og beri ekki virðingu fyrir þeirra upplifunum. Hvítar gagnkynhneigðar konur þurfi vissulega að berjast við glerþakið en hindranirnar séu fleiri fyrir konur sem eru ekki hvítar, ekki gagnkynhneigðar og ekki ófatlaðar.

„Það gerast allir sekir um mismunun á einhverjum tímamarki. Þetta er eins og hnerri, hann kemur snögg og harkalega, og svo þurrkarðu þér með snýtubræfi og heldur áfram með lífið. Þetta er gildra sem margar hvítar konur falla í. Þær upplifa mismunun alla daga og telja sig þar af leiðandi ekki hafa nein forréttindi.“

Svartir líkamar klámvæddir

Svörtum konum leyfist minna þegar kemur að því að sýna hold og vera kynþokkafullar, segir Marai. Hún segir að í sögulegu samhengi hafi svartar konu alltaf þótt dýrslegri og jafnvel taldar hafa ofur-kynhvöt og ófgakenndar langanir.

„Ef Miley Cyrus ákveður að fara í fötin eftir tíu ár mun henni vera fyrirgefð fyrir villtu árin. Rihönnu verður aftur á móti aldrei fyrirgefð. Hún er holdgervingur svörtu, hættulegu og framandi konunnar,“ segir Marai.

Hún segir að vegna þess hvernig líkamsbygging svartra kvenna, sem oft eru sterkbyggðari með stærri læri, rass og brjóst, hefur verið klámvædd þá leyfist þeim minna varðandi til dæmis klæðaburð. „Mjög gott dæmi

Reiðar svartar konur

Það vakti mikla athygli á nýliðinni MTV verðlaunaafhendingu þegar rapparinn Nicki Minaj sagði „Miley, what's good?“ við poppsöngkonuna Miley Cyrus. Sú síðarnefndi hafði skömmu áður í viðtali gefið í skyn að rifrildi Nicki við Taylor Swift mætti skýra með því að Nicki væri reið svört kona. Staðalmynd sem svartar konur þurfa að berjast við á hverjum degi.


„Þegar Nicki sagði Miley, what's good? þá talaði hún fyrir okkur allar. Við svörtu stelpurnar skildum ná-

kvæmlega hvað hún var að fara með þessu,“ segir Mirai. „Ég er klárlega reið svört kona og ég er stolt af því. Þegar við hættum að vera reið yfir óréttlæti getum við bara pakkað saman og farið heim.“



Svarta fólkíð í Hvíta húsinu

Bláðamaður spurði Mirai hvort Obama-hjónin hefðu ekki fjarlægst svartan uppruna sinn í embætti, jafnvel svikið lit. „Nei, það finnst mér ekki. Ég held að þau hafi spilað ákveðinn leik til að komast þangað sem þau eru. Þetta snerist meira um að lifa af en að fjarlægjast. En þegar Trayvon Martin var drepinn sagði Obama að ef hann ætti son hefði sá sonur litið út eins og Trayvon Martin. Ég mun aldrei gleyma því. Þá var Obama að segja okkur að hann stæði með okkur, og öllu hvíta fólkínu að hann hefði ekki gleymt uppruna sínum.“



um þetta er Michelle Obama. Fjölmíðlar hafa næstum étið hana lifandi fyrir að velja að klæðast ermalausum kjólum. Það hefur mikið verið fjallað um hversu karlmannalega handleggi hún hefur og jafnvel þótt aggressíft.

Eitthvað af þessu er samt innri kúgun. Við vöktum sjálfar hvernig við komum fram af ötta við að vera hlutgerðar eða ekki sé tekið mark á okkur. Þetta er eins og að segja ungu konunum að klæðast ekki stutta pilsínu þegar við vitum að vandamálið er ekki pilsíð heldur mismununin og kynjakerfið.“

Hún segir að þegar hvítar stórstjórnir vilji poppa upp ímynd sína geri þær það með því að tengja sig svartri menningu. „Miley getur, eins og við orðum það, komið í heimsókn á plantekruna. Hún getur skemmt sér með svörtum mönnum og „twerk-að“. Svo er eins og þær vaxi upp úr þessu og snúi til baka,“ segir Marai.

Óþægilegt viðfangsefni

Dæmi um veruleika sem svartar konur upplifa í Bretlandi er vantraust gagnvart lögreglunni. Marai vinnur fyrir samtökin Imkaan sem sérhæfa sig í að berjast gegn kynbundnu ofbeldi. Samtökin hafa gert rannsóknir sem sýna að ungar svartar konur tilkynna síður brot til lögreglunnar af ötta við að vera taldar hafa „beðið um það“ sem þær lentu í.

Þá sé lögregluofbeldi oft alvarlegra gagnvart svörtum konum. „Svartar konur eru sterkbyggðar svo veikleikar þeirra eru ekki teknir til greina. Það að vera „reiða svarta konan“ þýðir að þú færð ekki sama stuðning og aðrar konur.“

„Umræðan um forréttindi er gríðarlega mikilvæg og það að gera sér grein fyrir þeim er verkefni til langs tíma. Hvítar konur þurfa að vinna með okkur, ekki fyrir hönd okkar. Ég er með rödd sem ég vil gjarnan að heyrast í stað þess að einhver tali fyrir mig.“

Hún segir hvítar konur þurfa að horfast í augu við þetta óþægilega viðfangsefni. Það sé óþægilegt að setja sig í spor þeirra sem verða fyrir mismunun.

visir.is Lengri útgáfu af viðtalinu má finna á Visi.

ÍSLENSKUR
GÓÐOSTUR

- GÓÐUR Á BRAUÐ -



LYFJA
- Lífið heil

20%
afsláttur

af Panodil lausasölulyffjum



www.lyfja.is

**Lægra
verð í
Lyfju**

Panodil-dagar í október

ÁREYNSLULAUS FULLKOMNUN Á NOKKRUM SEKÚNDUM
FRÍSKANDI OG ÞÆGILEGUR FLJÓTANDI FARÐI Í PÚÐA

NÝTT

MIRACLE CUSHION

LIQUID CUSHION COMPACT - SPF 23/PA++

FRÍSKLEGUR LJÓMI – ENDINGARGÓÐUR RAKI
FJADURLÉTTUR – BYGGIR UPP ÞEKJU

FJADURLÉTT OG FERSK FORMÚLA

PÚÐI
samsettur úr ótalmörgum holum
sem gefa rétta skammtinn

SVAMPUR
sem tryggir fallega og jafna
förðun



2 NÝIR LITIR
FULLKOMNIR
FYRIR ÍSLENSKAN
HÚÐLIT

Fáanlegur í 7 litum.
Gefur náttúrulega, ferska og ljómandi förðun.

LANCÔME
PARIS

LANCÔME DAGAR

Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM,
SMÁRALIND, SKEIFUNNI, GARÐABÆ, SPÖNGINNI,
AKUREYRI OG SELFOSSI 29. OKT. – 4. NÓV.



GULLMOLI FRÁ LANCÔME

GRANDIÔSE maskarinn lengir og þykkir augnhárin sem blævængur og gefur undurfagra sveigju. **NÝIR LITIR:** BRÚNN OG LILLABLÁR.

20% AFSLÁTTUR AF
CUSHION FARÐA, GRANDIÔSE MASKARA
OG VISIONNAIRE KREMLÍNUNNI

Glæsilegur kaupauki þegar keypt er fyrir 8.900 eða meira.*



Við mælum með Visionnaire línunni fyrir allar konur. Vinsælu Visionnaire droparnir lagfæra hrukkur, húðholur og ójöfnur. Droparnir eru með silkimjúka áferð og smjúga samstundis inn í öll 3 lög húðarinnar. Má nota dag og nótt allan ársins hring. Nú er komið nýtt krem fyrir þurra húð og Nighttime Beauty Sleep Perfector með ótrúlegri nýrri áferð sem er fersk eins og gel, en nærir eins og olía. Hentar fyrir andlit, háls og bringu og húðin verður frá fyrsta morgni mýkri, teygjanlegri og nærðari. Til lengri tíma virðist húðin jafnari, þéttari, mýkri, stinnari og meira ljómandi.

*meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FJÖLSKYLDAN

Konur þurfa að fleygja sér í sófann

Streita hverfur fljótt úr körlum þegar þeir koma heim úr vinnu. Hjá konum hverfur streitan ekki fyrr en seint á kvöldin. Danskur læknir segir konur verða að læra að slaka á. Streita er að verða eitt algengasta vinnutengda vandamál hins vestræna heims.

Konur þurfa að læra að fleygja sér í sófann þegar þær koma heim úr vinnunni eða á gólfid til að leika við börnin áður en þær taka til við heimilisstörfin. Maður þarf að æfa sig í að slaka á í tíu mínútur. Þetta segir Ane Marie Thulstrup, yfirlæknir á háskólasjúkrahúsinu í Árósum í Danmörku, í viðtali við danska ríkisútvarpið.

Niðurstöður rannsóknar á þvagi karla og kvenna sýna að streita í líkama karla minnkar hratt eftir að þeir koma heim úr vinnunni en hjá konum minnkar streitan ekki fyrr en á milli klukkan 22 og 23 á kvöldin. Það bendi til að konurnar séu önnur kafnar lengi eftir að vinnu utan heimilis lýkur, að því er segir á vef útvarpsins. Þar segir jafnframt að miklu fleiri konur séu haldnar streitu en karlar.

Anna Björg Aradóttir, sviðsstjóri hjá landlækni, segir rannsóknir benda til að streita sé að verða eitt algengasta vinnutengda vandamál hins vestræna heims. „Streita getur verið hvetjandi í sjálfu sér og hjálpað fólki að ráða við krefjandi aðstæður. Hins vegar segja fræðimenn að verði streita viðvarandi og illviðráðanleg hafi hún slæm áhrif á heilsu fólks.“

Að sögn Önnu getur langvarandi streita haft í för með sér þunglyndi, kvíði, kulnun, truflun á ónæmiskerfi og hjarta- og æðasjúkdóma.

„Mikilvægt er að stjórnendur

Mikilvægt er að stjórnendur vinnustaða geri sér grein fyrir því að mælikvarðar á árangur starfsemi vinnustaðarins taka ætíð bæði til heilsu og velferðar starfsmanna og framleiðni fyrirtækisins.

Anna Björg Aradóttir, sviðsstjóri hjá landlækni



Fylgikvillar langvarandi streitu

- þunglyndi
- kvíði
- kulnun
- truflun á ónæmiskerfi
- hjarta- og æðasjúkdómar




Langvarandi streita getur haft alvarleg áhrif á heilsuna. NORDICPHOTOS/GETTY

vinnustaða geri sér grein fyrir því að mælikvarðar á árangur starfsemi vinnustaðarins taka ætíð bæði til heilsu og velferðar starfsmanna og framleiðni fyrirtækisins.“

Danski yfirlæknirinn segir konur oft skrifa tölvupósta seint á kvöldin.

Á vinnutíma séu þær að hugsa um það sem þær þurfi að gera þegar heim er komið. Nauðsynlegt sé að læra að einbeita sér að starfinu á vinnutíma og að fjölskyldunni þegar maður er heima. Það er mat læknisins að margar

konur gætu haft gagn af því að draga úr kröfunum sem þeir gera til sín eða greiða fyrir heimilishjálpi þannig að þær hafi tíma til að slaka á í sófanum. Bent er á að konur sinni heimilisstörfum í miklu meiri mæli en karlar. ibs@frettabladid.is



Fyrir erfiðustu verkin

Volkswagen Crafter Extreme Edition

Volkswagen Crafter er hannaður til að takast á við krefjandi verkefni þar sem styrkur og notagildi eru í forgangi. Crafter er einstaklega hagkvæmur og er með mjög öflugum en jafnframt sparneytnum díeselvélum. Volkswagen Crafter er með 3 ára ábyrgð og allt að 250.000 km akstur.

Lítu við og í sýningarsal VW Atvinnubíla og kynntu þér einstaklega vel útbúinn Volkswagen Crafter Extreme Edition.

Staðalbúnaður

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16" stálfelgur
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Bekkur fyrir 2 farþega með geymslukassa
- Loftpúðar fyrir ökomann og farþega
- Útvarp með SD kortarauf
- Klukka
- Fullkomin aksturstölva
- Glasahaldari
- Fjarðstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- 270° opnun á afturhurðum

Mögulegur valbúnaður

- Dráttarbeisli 180.000. kr m/vsk

Aukalega í Volkswagen Crafter Extreme Edition

- Hraðastillir (Cruise control)
- Bluetooth símkerfi
- Hiti í bílstjórásæti
- Fjaðrandi hæðastillanlegt ökomannssæti með armpúða
- Vélarhitari með fjarstýringu og tímastilli
- Rafmagns-miðstöðvarhitari
- Aðgerðastýri
- Fjarlægðaskynjarar með bakkmyndavél
- Díóðulýsing í flutningsrými
- Klæðning og rennur í flutningsrými

Crafter Extreme Edition kostar aðeins frá **4.596.774 kr. án vsk**



Atvinnubílar

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík

SKÓDAGAR Í ELLINGSEN

Í Ellingsen er fullt af alls konar góðum skóm fyrir börn og fullorðna. Nýttu þér frábær tilboð og skóaðu alla fjölskylduna upp fyrir veturinn.

50%
af eldri
skóm

20%
afsláttur
af skóm



COLUMBIA CONSPIRACY
Stærðir 36-41
TILBOÐSVERÐ
18.392 KR.
FULLT VERÐ: 22.990 KR.



CANGURO
Stærðir 36-41
TILBOÐSVERÐ
15.992 KR.
FULLT VERÐ: 19.990 KR.



COLUMBIA DRAINMAKER
Stærðir 37-43 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
9.495 KR.
FULLT VERÐ: 18.990 KR.



VIKING ASCENT
Stærðir 36-41
TILBOÐSVERÐ
22.392 KR.
FULLT VERÐ: 27.990 KR.



SCARPA MOJITO
Stærðir 36-41 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
19.192 KR.
FULLT VERÐ: 23.990 KR.



MUCK ARCTIC SPORT
Stærðir 36-41
TILBOÐSVERÐ
18.152 KR.
FULLT VERÐ: 22.690 KR.



SCARPA LADAKH GTX
Stærðir 36-41
TILBOÐSVERÐ
43.992 KR.
FULLT VERÐ: 54.990 KR.



COLUMBIA VENTRALIA
Stærðir 41-46
TILBOÐSVERÐ
19.990 KR.
FULLT VERÐ: 24.990 KR.



COLUMBIA BUGABOOT
Stærðir 36-42
TILBOÐSVERÐ
23.992 KR.
FULLT VERÐ: 29.990 KR.



SOREL TIVOLI
Stærðir 36,5-42 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
21.592 KR.
FULLT VERÐ: 26.990 KR.



SOREL CARIBOU
Stærðir 36,5-42 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
23.752 KR.
FULLT VERÐ: 29.690 KR.



VIKING BIFROST
Stærðir 28-41 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
13.592 KR.
FULLT VERÐ: 16.990 KR.



VIKING WINDCHILL
Stærðir 20-30
TILBOÐSVERÐ
12.792 KR.
FULLT VERÐ: 15.990 KR.



MUCK BOOT HALE
Stærðir 27-37 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
6.923 KR.
VERÐ: 9.890 KR.



VIKING FROST FIGHTER
Stærðir 21-35 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
7.112 KR.
VERÐ: 8.890 KR.

LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR

Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK

Fiskislóð 1
Sími 580 8500

AKUREYRI

Tryggvabraut 1-3
Sími 460 3630

OPNUNARTÍMI

Mán.-fös. 10-18
Lau. 10-16

VIÐSKIPTI

Hagkaup í Smáralind minnkar um helming

Nú sést til lands í samningum Haga við Smáralind um nýjan leigusamning fyrir Hagkaup. Gert er ráð fyrir að verslun Hagkaups minnki um 5.000 fermetra. Þetta kemur fram í árshlutauppgjöri Haga sem samþykkt var í gær. Þá kemur fram að tveir íþyngjandi leigusamningar séu að renna út. Annar um áramót og hinn um mitt næsta ár. Þessir tveir leigusamningar kosta fyrir-tækið 100 milljónir á ári.

Hagnaður Haga á tímabilinu 1. mars til 31. ágúst nam 2 milljörðum króna eftir skatta, sem er um 5,2 pró-



Hagkaup í Smáralind. Verslunarrýmið verður um 5.000 fermetrar.

sent af veltu. Vörusalan á tímabilinu nam 38,4 milljörðum króna og rekstrarhagnaður nam tæplega 2,9 milljörðum króna.

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

Vantar hraustan einstakling í útivinnu, aðallega labb. Tímabundið, mikil vinna í boði. Uppl. í s. 821 0883.

Atvinna óskast

Múrari getur bætt við sig verkefnum. S: 822 8320

TILKYNNINGAR

Einkamál



Karlar: 905-2000 / 535-9920 Konur og karlar auglýsa frítt: 535-9923

Makaskipti? Swinging? Þríhyrningar? Cuckold? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsögðu. Allar upplýsingar hér: Makaskipti.eu

ÍSLENDINGAR.EU

Ertu í makaleit? Langar þig á stefnumót? Ertu með frjálslýnda hugsun? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsögðu. Líftu við! Íslendingar.eu

Skyndikyinni á símatorgi. 100% leynd. RaudaTorgid.is

ÞAÐ ER LÍKLEGRA AÐ ÞÍN EIGN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR



Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík 533-1616



Karl Gunnarsson lögg. fasteignasali s. 898 2102



Kristján P. Arnarsson lögg. fasteignasali s. 896 1188



Björn Stefánsson sölufulltrúi s. 698 9056



Unnur Karen Karlsdóttir s. 848 6352

ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI. HRINGDU NÚNA OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.

Sími 533 1616 • Þjónustusími 891 9916

www.lundur.is • lundur@lundur.is

Við erum alltaf við. Ef við erum ekki inni við - þá erum við úti við. Þjónustusíminn er 891 9916

HJÁ OKKUR

TT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

W1-810
STÓRGLÆSILEG SPJALDTÖLVA

Ein öflugasta og glæsilegasta 8" spjaldtölván dag með 4ra kjarna örgjörva og fullkomnu Windows 8.1 ásamt Office 365 fyrir 2 tölvur.

- 8" HD LED fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Quad Core Z3735G 1.83GHz Burst
- Intel HD Graphics DX11 skjákjarni
- 32GB SSD Flash og allt að 64GB microSD
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- Li-Polymer rafhlaða allt að 8 tímar
- USB2 micro og Micro SD kortalesari
- Tvær myndavélar 2MP og 2MP að framan
- Windows 8.1 og Office 365 fyrir 2 tölvur

29.900
OFFICE 365 FYLGIR FYRIR 2 TÖLVUR

ICONIA **TITRANDI Í LEIKINA!**
MED EINUM HNAPP ER FLEGT AD KVEIJA A VIBRATION MODE SEM ÖFLUR NYJA UPPLIFUN I LEIKINA!

SKRIDDREKI Í STOFUNA
VIBRATION ELEMENT GEAR UPPLIFUN ENS OG ÞU SERT INNI Í STOFUNA (SAMBANDSAMMI)

KOSS HQ2
LEIKJAHEYRNARTÓL

- Öflug leikjaheyrnartól frá KOSS
- Vibration Element fyrir nýja upplifun
- Feykiöflugur hljómur og kröftugur bassi
- Clear Voice Noise Cancelling MIC
- Pumlungastjórn á Vibration Element
- Stórir og lokaðir Leatherette púðar
- Samanbrjótanleg og meðfærileg

14.900
NÝ SENDING ER AÐ LENDA:)

HEARING IS BELIEVING!
LÍFSTÍÐAR
Abyrgð
VIÐ ABYRGJUMST KOSS AD ELLIFU!
Lífstíðar á byrgð og réttahljómi frá Koss

PORTAPRO
FERÐAHEYRNARTÓL

- Físlétt Ultra-ferðaheyrnartól frá Koss
- Kristaltær 3D hljómur og þéttur bassi
- Oxygen-free copper og 15-25.000 Hz
- Opnir og þægilegir eyrnupúðar
- Stíllanlegur þéttleiki á spöng
- Samanbrjótanleg fyrir fólk á ferðinni
- Fullkomin ferðapoki úr leðri fylgir!

9.990
MED MIC OG SVARHNAPP 16.900

144Hz
24" 144Hz 3D SKJÁR ALGJÖRLEGA NÝ UPPLIFUN

24" 3D LED
144Hz 3D LEIKJAKJÁR!

Glæsilegur skjár fyrir þá kröfuhöndustu með yfirbúði í hraða og gæðum með 144Hz 3D tækni ásamt LED bakiþýngu sem tryggir eins-taka litadýpt og upplifun í tölvuleikjaspilun.

- Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
- 24" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI 1.4, DVI-DL og VGA tengi
- UltraFlex upphækkanlegur fótur
- Ultimate eSports leikjaskjár
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek :)

49.900
27" XL2720Z AÐEINS 99.900

NY KYNSLÖB
1280x800 IPS HD SKJÁR MED ALLT AÐ 178° SJÓNARHORNI

acer SWITCH

- 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Quad Core Z3735F 1.83GHz Burst
- Intel HD 3D Graphics grafískur skjákjarni
- 2GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 64GB SSD Flash og allt að 128GB microSD
- 600Mbps WiFi Nplify, Bluetooth 4.0
- Tvær FHD Crystal Eye vefmyndavélar
- Örþunn lyklaborðsvagga m/Snap Hinge2
- Windows 8.1 og Office 365 árs áskrift

69.900
FARTÖLVA OG SPJALDTÖLVA:)

IOE

KÜRBISBT
HÁGÆÐA 2.0 HLJÓÐKERFI

Ótrúlega flott "Pure Sound" 2.0 hljóðkerfi frá Thonet & Vander með öflugri 5.25" Aramid Fiber bassakeilu í glæsilegu hágæða viðarboxi.

- Hágæða Thonet & Vander hljóðkerfi
- 60W RMS og 50Hz - 20kHz tónissvið
- Öflug 5.25" Aramid Fiber bassakeila
- Hárnákvæmur 1" tweeter úr 100% silki
- Jafn og góður hljómur yfir allt tónissviðið
- Drone FX tækni skilar kristaltærum hljómi
- Hammer Bass tækni fyrir meiri bassa
- BT 4.0, Stereo RCA og Jack tengi
- Tengist þráðlaust við síma og fleiri tæki

29.900
NÝ KYNSLÖB - ENN ÖFLUGRI

TRUE BLACK VALED
TÆKNI MED ALLT AÐ 178° SJÓNARHORNI

Benq

27" VALED
FULL HD VA-LED

- 27" VA-LED FULL HD 1080p 16:9
- 20 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 4ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- HDMI HDCP, DVI og VGA D-SUB tengi
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Aukin myndgæði með True Black tækni

49.900
22" 24.900 | 24" 29.900

QHD
2560x1440 IPS VEFMYNDAVÉLAR Í SKERPU 100% sRGB LITADYPT

acer

27" QHD
QHD IPS SKJÁR

- 27" IPS WQHD 1440p 16:9 lúxus skjár
- Native 1000:1 og Super Sharpness tækni
- 2560x1440 QUAD HD upplausn
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- HDMI 2.0, DVI og Display port 1.2
- Öflugt DTS hljóðkerfi með 2 hátölurum
- Demantskorinn Zero Frame árammi

99.900
DEMANTSKORINN LÚXUS QHD SKJÁR

ICONIA

B3-A10
STÓRGLÆSILEG SPJALDTÖLVA

Ný kynslóð öflugri og þynnri spjaldtölvá frá Acer með ótrúlegum 10" HD IPS fjölsnertiskjá, alvöru 8 kjarna örgjörva og silkiskoríð bak.)

- 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Octa Core 1.7GHz MT8151 örgjörvi
- Quad-Core Mali 450MP4 4K skjákjarni
- 16GB SSD flash og allt að 128GB microSD
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0 og GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 9 tímar
- Tvær vefmyndavélar FHD 5MP og 0.3MP
- Örþunn aðeins 9.2mm og físlétt 510gr
- Android 5.1 Lollipop og fjöldi forrita

39.900
NÝ OCTA CORE FRÁ ACER!

7mm ÖRÞUNNUR LOW PROFILE

256GB SSD
SATA3 SOLID STATE DISKUR

- 256GB Mushkin Reactor SSD diskur
- Háhraða SATA3 SSD stýrikerfisdiskur
- Ein besta uppfærslan sem völ er á
- TRIM fyrir meiri stýrikerfishraða
- Read 560MB/sec, Write 325MB/sec
- Silicon Motion háhraða stýring
- 73000 IOPS mjög hraður SSD
- Frábært verð meðan birgðir endast

16.900
ÓTRÚLEGT VERÐ!

0dB SILENT GAMING
Windforce 3X TÆKNIR SKILAR LÖL OG FLEIRI LEIKJUM 100% HLJÓDLEYSI

GIGABYTE

GTX960
NÝ KYNSLÖB LEIKJASKJÁKORTA

- Nýjasta leikjaskjåkortið frá GIGABYTE!
- 4GB GDDR5 7.0GHz 128-bit minni
- Super OC 1329MHz Boost Core Clock
- DirectX12 fyrir næstu kynslóð leikja
- 3D Vision2 og 1024 CUDA Cores í leikina
- G-SYNC, GameStream, ShadowPlay o.fl.
- Gullhúðað 4K HDMI 2.0, 3xDP, 2xDVI
- Nær hljóðlaus 0dB Windforce 3X tækni

49.900
2GB GTX960 ITX AÐEINS 39.900

5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ AÐUR 24.900

43 PRENTAÐU LJÓSMYNDIRNAR Í A3 STÖR

brother
at your side

J4120DW
WIFI A4/A3 FJÖLNOTATÆKI

Ótrúlegt þráðlaust undratæki frá Brother sem skannar, ljósritar og prentar hágæða ljósmyndir í allt að A3 stærð, rammalaust.

- Hágæða þráðlaust A4 líta fjölnotatæki
- Prentar allt að 18 bls/min, 16 bls/min í lit
- 4 hagkvæm hylki, fánleg allt að 1200 bls
- 6000x1200 dpi prentari og 2400 dpi skanni
- 150 bls A4 bakki og A3 bak-matari
- Duplex sjálfvirk tvíhliða prentun, 6bls/min
- 4.5cm líta snertiskjár fyrir allar aðgerðir
- Þráðlaust WIFI / Airprint / Cloud Print
- USB 2.0 tengi, PC, MAC og LINUX

19.900
HIN FULLKOMNI PRENTARI!

GALAXY TAB 4
NÝ KYNSLÖB GALAXY TAB 4 MED ÖTRÚLEGGUM 10.1" FJÖLSNERTISKJÁ OG ÖFLUGUM QUAD CORE ÖRGJÖRVA

44.900

Ertu í vandræðum með þráðlausu netið?

2.STK 500Mbps

TRENDNET

NET YFIR RAFMAGN

9.990

KLUKKA ÞAGATAL OG MYNDSYNING

ROLLEI

7" MYNDARAMMI

9.990

MS514H

79.900

Benq

ÚRVAL SKJÁVARPA

J552DW

14.900

brother
at your side

WiFi FJÖLNOTATÆKI

EINNING TIL ÞRÁÐLAUS VERÐ AÐEINS 12.900

Microsoft

XBOX 360 FJARSTÝRING

8.990

VIÐKAR MED ÞÉ TÖLVUM OG XBOX 360!

SPIEL 16W RMS

7.990

THONET & VANDER

2.1 HLJÓÐKERFI

TAT00 101

1.690

2 LITR

SONICEAR

2.0 HÁTALARAR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PAPPÍR Í NOVEMBER!

brother
at your side

ALLT FYRIR JÓLAKORTIN

IP2850

6.990

Canon

FRÁBÆR PRENTARI

1920x1080 FHD
FULL HD SKJÁR
ANTI-GLARE VÖRN

59442525

Lenovo

Z50-70

- Intel Core i3-4005U 1.7GHz 4xHT
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
- 1GB Intel HD 4400 DX12 skjáskjarni
- 2.0 Dolby DS Home Theater hljóðkerfi
- 867Mbps Dual WiFi AC, BT 4.0, USB 3.0
- Innbyggð 720p HD vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Update!

99.900
STÍLHREIN OG FALLEG

1920x1080 FHD
ANTI-GLARE SKJÁR MED
BLUELIGHT SHIELD!

3 LITIR

acer

E5-552

NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Ný kynslóð fartölva með 4ra kjarna Carrizo örgjörva, öflugra þráðlausu neti, enn hraðari SSHD harðdisk og TrueHarmony hljóðkerfi.

- AMD A10-8700P Quad Core 3.2GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
- 8GB AMD R6 Carrizo DX12 skjáskjarni
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.1, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

129.900
NÝ SENDING VAR AÐ LENDA!

1920x1080 FHD
ANTI-GLARE SKJÁR MED
BLUELIGHT SHIELD!

53BV

acer

E5-573G

ENING FANLEG Í SVÖRTU

- Intel Core i5-5200U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
- 2GB GeForce GT 940M leikjaskjåkort
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.1, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Update!

149.900
FÆST Í 2 LITUM

51K9

acer

V3-574G

BAKLÝST
LYKLABÖR
FULLRI STYRI

- Intel Core i5-5200U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD ofur hraður diskur
- 15.6" FHD IPS Anti-Glare 1920x1080
- 4GB GeForce GT 940M leikjaskjåkort
- 2.0 Dolby Digital Plus hágæða hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.1, USB 3
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Update!

179.900
NÝ LÚXUS KYNSLÓÐ!)

hp

G3 255

- AMD Kabini Dual Core E1-2100 1.0GHz
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 5400RPM diskur
- 15.6" HD LED AntiGlare 1366x768
- 4GB AMD HD8210 öflugur skjáskjarni
- 2.0 Öflugt hljóðkerfi og hátalarar
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- Innbyggð 720p HD vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Update!

59.900
HP Á BETRA VERÐI!

80M100C9MT

Lenovo

IDP-100

NÝ VAR AÐ LENDA!

- Intel Dual Core N2840 2.58GHz
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 5400RPM diskur
- 15.6" HD LED Anti-Glare 1366x768
- Intel HD skjástýring og HDMI
- 2.0 Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
- 300Mbps þráðlaust net, BT 4.0, USB 3.0
- Innbyggð vefmyndavél í skjá
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

69.900
NÝ SENDING AF LENOVO!

1920x1080 FHD IPS
SKJÁR MED
178° SJÓNARHORNI

acer

NITRO

DRAUMAFARTÖLVA FRÁ ACER

Örþunn og glæsileg fartölva úr úrvalsdeild Acer með Soft-touch metal finish, Full HD IPS skjá, ofur öflugur leikjaskjåkorti og Dolby 4.0 hljóðkerfi.

- Intel Core i5-5200U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FHD IPS Anti-Glare 1920x1080
- 4GB GeForce GTX 950M leikjaskjåkort
- 4.0 Dolby Digital Plus Surround hljóðkerfi
- 867Mbps WiFi AC MIMO, BT4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Update!

199.900
LÚXUS LEIKJATÖLVA!

527A

Lenovo

T450s

20BWS05K00

3 ÁRA

- Intel Core i5-5300U 2.9GHz Turbo 4xHT
- 12GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD ofur hraður diskur
- 14.1" FHD IPS Antiglare 1920x1080 skjár
- 1167Mbps WiFi AC, BT 4.0, USB 3.0
- 2 rafhlöður samtals 10 tíma ending
- Fingrafaralesari, TPM, Smartkortalesari
- Fullkomlið Dokku tengi undir vélinni
- Windows 8.1 Pro & Windows 10 Update!

299.900
NÝ KYNSLÓÐ THINKPAD

80QD0042MX

Lenovo

YOGA 700

FULL HD IPS
SKJÁR MED
178° SJÓNARHORNI

360° SNÚNINGUR
SP JAI ÖTULVA
FARTÖLVA OG
STANDUR

- Intel Core i7-6500U Skylake 3.1GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD ofur hraður diskur
- 14" FHD IPS 1920x1080 fjölsnertiskjár
- Intel HD Graphics DX12 skjáskjarni
- AccuType lykklaborð með baklýsingu
- 867Mbps Dual WiFi AC, BT 4.0, HDMI
- Glæný rafhlöðutækni allt að 7 tímar
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

219.900
ÖRÞUNN OG FISLÉTT!

80M5003M1T

Lenovo

U31

FISLÉTT ULTRABOOK FARTÖLVA

Ný kynslóð léttari og öflugri fartölva með öflugra þráðlausu neti, enn hraðari SSD harðdisk og kristaltæru Dolby DS hljóðkerfi.

- Intel Core i5-5200U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 128GB SSD ofur hraður diskur
- 13.3" FHD IPS Anti-Glare 1920x1080
- Intel HD 5500 GT2 DX12 skjáskjarni
- 867Mbps Dual WiFi AC, BT 4.0, USB 3.0
- 2.0 Dolby DS Home Theater hljóðkerfi
- Motion Control HD vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Update!

139.900
FISLÉTT Í SKÓLATÖSKUNA!)

80E00JAMT

Lenovo

YOGA3 PRO

QHD IPS
SKJÁR MED
178° SJÓNARHORNI

360° SNÚNINGUR
SP JAI ÖTULVA
FARTÖLVA OG
STANDUR

- Intel Core M-5Y51 2.6GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD ofur hraður diskur
- 13.3" QHD+ IPS fjölsnertiskjár 3200x1800
- Intel HD 5300 DX11 skjáskjarni
- AccuType lykklaborð með baklýsingu
- 867Mbps WiFi AC, BT 4.0, USB 3.0
- Glæný rafhlöðutækni allt að 7 tímar
- Windows 8.1 & Windows 10 Update!

199.900
FÆST Í 2 LITUM

2015

MacBook

MacBook Pro

13" RETINA 256GB

- Intel Core i5-5257U 3.1GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD PCIe Flash - 60% hraðari
- 13.3" IPS Retina 2560x1600 skjár
- AC WiFi, BT4.0, USB 3.0, Thunderbolt 2
- Li-Polymer rafhlæða allt að 12 tímar
- Apple OS X Yosemite stýrikerfi

279.900
15" i7 512GB AÐEINS 469.900

80E00JAMT

Lenovo

YOGA 700

FULL HD IPS
SKJÁR MED
178° SJÓNARHORNI

360° SNÚNINGUR
SP JAI ÖTULVA
FARTÖLVA OG
STANDUR

- Intel Core i7-6500U Skylake 3.1GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD ofur hraður diskur
- 14" FHD IPS 1920x1080 fjölsnertiskjár
- Intel HD Graphics DX12 skjáskjarni
- AccuType lykklaborð með baklýsingu
- 867Mbps Dual WiFi AC, BT 4.0, HDMI
- Glæný rafhlöðutækni allt að 7 tímar
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

219.900
ÖRÞUNN OG FISLÉTT!

YETI USB
29.900

BLUE YETI USB
Tri-Capsule
tækni með
fjólfa upptöku
möguleika

BLUE YETI HLJÓÐNEMI

L50D
99.900

20 ÞÚSUND
AFSLATTUR
VERÐ AÐUR 119.900

TOSHIBA
L50D
AMD Quad Core,
8GB minni, 256GB
SSD diskur

15.6" TOSHIBA

17-F238ND
99.900

HP PAVILION
AMD Quad Core,
4GB minni,
500GB diskur

17.3" QUAD CORE

20 ÞÚSUND
LÆGRA VERÐ!
AÐGENT VERÐ 249.900

229.900

13.3" MacBook AIR

18 ÞÚSUND
LÆGRA VERÐ!
AÐGENT VERÐ 247.900

229.900

12" MacBook 256GB

WENGER SLEEVE
Fislið slitsterk
fartölvuhlíf

4.990

10" - 15" SLEEVES

LÖKSINS LENTAR!
Fartölvubakpoki
með plássí fyrir
allt aukadottið!)

12.900

HERSCHEL ER LENT!

EKTA LEDUR
14" Lúxus leður
hljóbartaska með
axlaró!

19.900

HÁGÆÐA LEDURTÖSKUR

ÖRYGGISVÖRN
2.990

ÖRYGGISVÖRN

BÆÐI TIL FYRIR MAC OG PC

NYTT
NÝJSTU ÚTGAFAUR
AF WORD, EXCEL,
POWERPOINT OG
ONENOTE

21.900

OFFICE 2016

acer ASUS hp Lenovo packard bell GIGABYTE TOSHIBA

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30

Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Nýjast

Domino's-deild kvenna

Haukar - Grindavík 65-49

Stigahæstar: Pálina Gunnlaugsdóttir 16 (8 frá.), Helena Sverrisdóttir 15 (12 frá., 11 stöðs.) - Whitney Frazier 13 (11 frá.), Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 12 (9 frá.).

Stjarnan - Valur 92-95

Stigahæstar: Chelsea Schweers 24 (10 frá., 10 stöðs.), Ragna M. Brynjarsdóttir 18 (14 frá.) - Karisma Chapman 29 (16 frá.), Guðbjörg Sverrisdóttir 27 (16 frá.).

Efst	Neðst
Haukar 8	Stjarnan 2
Grindavík 6	Keflavík 2
Valur 6	Hamar 0
Snæfell 4	

Enski deildabikarinn

Liverpool	1-0	Bournemouth
Manchester City	4-1	Crystal Palace
Southampton	2-1	Aston Villa
Manchester Utd.	0-0	Middlesbrough

Framlengingur var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

TVÍHÖFÐINN Í EYJUM Í KVÖLD

Leikirnir tveir í Olísdeildum karla og kvenna sem áttu að fara fram í Vestmannaeyjum í gær verða að öllu óbreyttu leiknir í kvöld. ÍBV tekur á móti Íslandsmeisturum Gróttu kvennamegin klukkan 17.30 en þar mætir besta sóknarliðið (ÍBV) besta varnarliðinu (Gróttu). Karlalið ÍBV tekur svo á móti Íslandsmeisturum Hauka sem þurfa á sigri að halda til að gefa ekki eftir í toppbaráttunni við Val. ÍBV er í fjórða sæti deildarinnar, tveimur stigum á eftir Haukum.

INGVAR OG SARA EFNILEGUST

Uppskeruhátið Gólfsambands Íslands var haldin í gær. Frændsystkinin Axel Bóasson úr GK og Tinna Jóhannsdóttir úr GK urðu stígameistarar Eimskipsmótaradarinnar í sumar og fengu verðlaun sín afhent. Stígameistarar á unglíngamótaröð Íslandsbanka og Áskorendamótaröðinni voru einnig heiðraðir sem og stígameistarar LEK-mótaradarinnar. Ingvar Andri Magnússon úr GR og Saga Traustadóttir úr GR voru valin efnilegustu kylfingar ársins.

Haraldur Franklín Magnús úr GR fékk Júlíusarbikarinn en hann er veittur þeim kylfingi sem er með lægsta meðalskorið í Eimskipsmótaröðinni 2015.

ARON LAGÐIST UNDIR HNÍFINN

Einhverjar vikur verða í að Aron Jóhannsson snúi aftur á knattspyrnuvöllinn með liði sínu, Werder Bremen í Þýskalandi. Hann gekkst í gær undir aðgerð vegna meiðsla í mjöðm. Aron hefur verið með tauga-verki í mjöðminni og var gripið til þess úrræðis að framkvæma aðgerð þar sem hann svörun hans við lækni-meðferð bar ekki viðunandi árangur. Aron kom til Werder Bremen í sumar og skoraði tvö mörk í sex leikjum áður en hann meiddist. Hann hefur einnig misst af leikjum með bandaríska landsliðinu vegna meiðslanna.



Í dag

19.40 Leeds - Blackburn	Sport 2
17.30 ÍBV - Gróttu	Vestmannaeyjar
19.15 Tindastóll - Haukar	Sauðárkrókur
19.15 FSu - Þór Þorl.	Iða
19.15 ÍR - Stjarnan	Hertz-hellirinn
19.15 Grindavík - Snæfell	Mustað-höllin
19.30 ÍBV - Haukar	Vestmannaeyjar
19.30 Víkingur - Fram	Víkin
19.30 FH - Gróttu	Kaplakríki
19.30 Afturelding - ÍR	N1-höllin

Ragnar mætti líka Chris í síðasta Suðurlandsslag

KÖRFUBOLTI Fyrsti Suðurlandslagurinn í úrvalsdeild karla í að verða sex ár og sjá sjöundi í sögu deildarinnar fer fram í Iðu á Selfossi í kvöld þegar nýliðar FSu taka á móti Þór úr Þorlákshöfn.

FSu hefur tapað niður forystu í fjórða leikhluta í þremur fyrstu leikjum tímabilsins og er enn á eftir sínu fyrsta stigi. Þórsarar unnu stórsigur á Tindastóli í síðasta leik eftir að hafa tapað í hörkuleikjum á móti KR og Keflavík í fyrstu tveimur umferðunum. Síðasti Suðurlandslagurinn í efstu deild karla fór fram á sama stað 14.

janúar 2010 eða fyrir fimm árum og rúmum níu mánuðum. Hamar fagnaði þar 13 stiga sigri á heimamönnum í FSu, 91-78

Fjórir leikmenn í kvöld voru með í þessum leik. Ragnar Nathanaelsson, miðherji Þórs í dag, fagnaði þá sigri með Hamri á móti Chris Caird, Birki Víðissyni og Svavari Inga Stefánssyni (kom ekki inn á) sem léku þá eins og nú með liði FSu. Ari Gylfason var líka með FSu þennan vetur þótt að hann hafi misst af þessum leik en Ari spilaði fyrri leikinn í Hveragerði þegar Ragnar fagnaði einnig sigri með Hamarliðinu.

Þrír aðrir leikir fara fram í kvöld. Grindvíkingar geta unnið fjórða leikinn í röð þegar Snæfell kemur í heimsókn, Stjórnumenn heim-sækja ÍR og á Sauðárkróki taka Tindastólmenn á móti Haukum. Stólarnir slógu Haukanna einmitt út í undanúrslitunum síðasta vor. Allir leikir kvöldsins hefjast klukkan 19.15. - óój



Ragnar Nathanaelsson var á sínum tíma í skóla á Selfossi en nú mætir hann til að spila körfubolta.

Vertu velkomin/n á Þjóðarspegilinn 2015



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Rannsóknir í félagsvísindum XVI Opnir fyrirlestrar

Föstudaginn
30. október 2015
kl. 9-17 við Háskóla Íslands



- Félags- og mannvísindadeild
- Félagsráðgjafardeild
- Hagfræðideild
- Lagadeild
- Stjórn málafræðideild
- Viðskiptafræðideild

Sérstakur gestur verður **Juliet Schor** höfundur bókanna *Plentitude* og *The overworked American*

Nánari upplýsingar er að finna á www.thjodarspegillinn.hi.is

Allir velkomnir
Aðgangur ókeypis



Bonneau ætlar að snúa aftur fyrir úrslitakeppnina

KÖRFUBOLTI Stefan Bonneau, besti leikmaður Domino's-deildarinnar á síðustu leiktíð, hefur ekkert spilað á þessari leiktíð og verður mögulega ekkert með vegna slitinnar hásinar. Friðrik Ingi Rúnarsson, þjálfari Njarðvíkur, sagði við Fréttablaðið í gær að hann reiknaði ekki með bakverðinum magnaða á þessari leiktíð.

„Endurhæfingin gengur ágætlega,“ sagði Bonneau brosmildur að vanda þegar Fréttablaðið ræddi við hann í Ljónagryfjunni í gær. Hann skokkaði þar rólega um og tók skot með samlanda sínum Marquise Simmons fyrir framan spennu krakka sem fylgdust með hetjunum sínum skjóta á körfurnar í Ljónagryfjunni þegar Haukur Helgi Pálsson var kynntur til leiks sem nýr leikmaður liðsins.

Getur orðið fljótari

Helsti styrkleiki Bonneau er hraði hans og sprengikraftur. Hann hefur samt engar áhyggjur af því að þessi meiðsla hafi slæm áhrif á hann til framtíðar.

„Þeir sem þekkja til í þessu segja að ég gæti verið hægur til að byrja

með en maður vinnur svo mikið í þessum eina stað að maður getur jafnvel orðið fljótari en áður. Mér list vel á það þar sem ég legg alltaf mikið á mig hvort sem er,“ sagði Bonneau, en hvenær byst hann sjálfur við að snúa aftur á parketið?

„Ég er að reyna að koma mér í gang fyrir úrslitakeppnina. Það er klárt að ég get komist í stand fyrir hana,“ sagði hann ákveðinn. „Ef við lítum á tímaramma meiðslanna þá ætti ég að vera orðinn klár aðeins fyrir úrslitakeppnina en ég ætla ekki að taka neina áhættu samt.“

Meiddist á Íslandi

Mikið hefur verið rætt og ritað um hvar Bonneau

varð fyrir meiðslunum. Grein á bandarískri vefsíðu sagði hann hafa meitt sig í áhugamannamóti ytra og fannst mörgum skrítið að hann skyldi svo slíta hásin í beinu framhaldi af því á fyrstu æfingu með Njarðvík.

„Ég meiddi mig hér. Ég veit að fólk talar mikið um að ég hafi meiðst heima en það gerðist ekki. Þá hefði ég aldrei komið hingað aftur heldur bara verið í endurhæfingu úti og reynt að vera hundrað prósent klár fyrir úrslitakeppnina,“ sagði Bandaríkjamadurinn sem var eðlilega svoltið langt niðri þegar hann sleit hásinu rétt fyrir tímabilið.

„Ég var mjög hræddur þegar

52

Stefan Bonneau skoraði 52 stig á 50 mínútum síðast þegar hann klæddist Njarðvíkurbúningnum gegn verðandi Íslandsmeisturum KR í oddaleik í undanúrslitum Domino's-deildarinnar síðastliðið vor.

ég meiddist hérna því þetta hefur aldrei komið fyrir mig. Ég vissi að ég þyrfti að passa upp á andlega þáttinn sem ég hef gert, en annars þæli ég ekkert í því sem fólk segir um mig og meiðslin,“ sagði Bonneau.

Ein helsta ástæða þess að haldið var að Bonneau hefði meiðst erlendis var umrædd frétt sem

bakverðinum smáa en knáa finnst stórfurðuleg.

„Ég spilaði í þessu móti en ég meiddist ekkert á hásin þar. Ég meiddist á hné og það var ekki einu sinni á sama fæti og ég sleit hásinu. Þess vegna skildi ég ekkert í þessum fréttum,“ sagði hann.

Bonneau er virkilega spennur fyrir komu Hauks Helga Pálssonar sem gekk í raðir Njarðvíkur í gær. Takist Bonneau ætlunarverkið að mæta til leiks fyrir úrslitakeppnina verða Njarðvíkingar með óáreinnilegt lið.

„Ég hef séð hann spila og hann er rosalega góður. Ég var í sjokki þegar ég heyrði að hann væri á leiðinni og vonaði að það væri satt. Hann á svo sannarlega eftir að hjálpa okkur,“ sagði Stefan Bonneau sem getur sjálfur ekki bedið eftir því að komast aftur í gang og reyna að hjálpa Njarðvík að vinna þann stóra í vor.

„Mig langar svo mikið að byrja að spila. Ég vil helst bara að meiðslin lagist strax í dag svo ég geti spilað með þessu liði og reynt að hjálpa Njarðvík,“ sagði Stefan Bonneau. – tom



Spennan er mikil í Njarðvík fyrir að sjá EM-farana Loga Gunnarsson og Hauk Helga Pálsson spila saman. LÍÓSMYND/VÍKURFRÉTTIR

Pressa er af hinu góða

Haukur Helgi Pálsson, landsliðsmaður Íslands í körfubolta, er maðurinn sem á að koma Njarðvíkingum alla leið í Domino's-deildinni í vetur.

KÖRFUBOLTI Spennan var rafmögnum í Ljónagryfjunni í gær þegar Domino's-deildarlið Njarðvíkur kynnti Hauk Helga Pálsson til sögunnar sem nýjasta leikmann liðsins. Heill heir af grænklæddum húnum og fyrrverandi stjörnur á borð við Brenton Birmingham tóku sér sæti í steyptri stúkunnari í Ljónagryfjunni og biðu eftir að sjá Hauk Helga formlega ganga í raðir Njarðvíkur.

Það er ekki á hverjum degi sem einn besti leikmaður þjóðarinnar kemur aftur heim til að spila í Domino's-deildinni. Hvað þá leikmaður sem hefur verið á jafn mikilli uppleið og Haukur Helgi undanfarin ár. Hann spilaði nú síðast með MBC í Þyskalandi á sex vikna samningi en var farið að leiðast þófið og vildi núllstilla sig hér heima.

„Mann langar svo sem alltaf að koma heim en núna vildi ég láta slag standa eftir langa veru úti. Ég er bara aðeins að hlaða batterið og fara svo aftur af stað eftir það,“ sagði Haukur Helgi við Fréttablaðið eftir

undirskriftina í gær. Njarðvík var þó ekki eina liðið sem reyndi við hann. Haukur ræddi við Grindavík, Keflavík og Stjórnuna.

„Njarðvík hefur mest tilfinningalegt gildi fyrir mig. Ég þekki mikið af góðu fólki hérna og það sem ég þarf til að hlaða batterið almennilega er að vera í kringum gott fólk,“ sagði hann.

Pressan mikil

Njarðvík var hársbreidd frá því að slá út KR í undanúrslitum Íslandsmeistarans síðasta vor. Tveir flautuþristar Stefans Bonneau smullu á hringnum áður en verðandi Íslandsmeistararnir tryggðu sér farseðilinn í úrslitum. Njarðvík hefur ekki orðið Íslandsmeistari síðan 2006. Það er langur tími í Ljónagryfjunni og fengu menn blóð á tennurnar við árangurinn í fyrra.

„Við ætludum okkur að byggja helst á sama liði og þess vegna sömdum við aftur við Bonneau. En svo meiddist hann rétt eftir að hann

kemur til landsins sem var mikið áfall. Það stóð alltaf til að vera opnir fyrir öllu og styrkja hópinn ef eitthvað kæmi upp á. Með því að fá Hauk Helga höldum við okkar stefnu að vera í baráttunni um alla þá titla sem eru í boði,“ sagði Friðrik Ingi Rúnarsson, þjálfari Njarðvíkur, brosandí við Fréttablaðið í gær.

Pressan er mikil á Hauki Helga. Þó Logi Gunnarsson sé kóngurinn í Njarðvík var það Bonneau sem átti að fara með Njarðvík alla leið og fyrst hann er meiddur er ábyrgðin sett á Hauk Helga. Hann fær þó góða hjálp frá Loga en í byrjunarliði Njarðvíkur eru nú tveir leikmenn sem voru á Evrópumótinu í sumar.

„Maður tekur alltaf vel í pressu. Það er alltaf gott að hafa smá pressu á sér. Ég er alveg tilbúinn,“ sagði Haukur Helgi sem veit að Íslandsmeistaratitillinn er það eina sem er í boði með komu hans: „Ég stefni að því að vinna titilinn með Njarðvík,“ sagði Haukur Helgi Pálsson.

tomas@365.is

EIGNAMIDLUN

Sala fasteigna frá

Elsta starfandi fasteignasala landsins

1957

Hulduland 18 - 108 Rvk.



Fallegt og mikið endurnýjað 195,4 fm raðhús fyrir neðan götu, þar af bílskúr 19,4 fm. Suðurgarður og verönd. Nýtt eldhús, fallegt útsýni og stutt í skóla og leikskóla

Eignin verður sýnd fimmtudaginn 29. október milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 59,9m. 8897

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

Sæviðarsund 41

Opið hús

Til sýnis í dag, fimmtudag 29. október frá kl. 17:30 – 18:30



Glæsilegt einbýlishús á einni hæð, byggt 1999. Íbúðin er 151 fm og bílskúr 37 fm. Húsið er sérlega vel skipulagt. Skiptist í forstofu, eldhús, 4 svefnherbergi, rúmgóða stofu, þvottahús/gestasnyrting, baðherbergi og bílskúr. Virkilega fallegt og vandað hús á frábærum stað í grónu hverfi. Stutt í alla þjónustu. Góð timburverönd með heitum potti. Gott hellulagt bílaplan og stéttar með hitalögn. Fallegur garður sem er léttur í umhirðu. Frábær staðsetning. Hús sem vert er að skoða. Allir velkomnir. Verð: 82,5 millj. Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali og Bárður H Tryggvason s: 896 5221.

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

nettó



Verðsprengrja

2

saman í pakka

Stutt læri - Meira kjöt - Minna af beinum

LAMBALÆRI
2 SAMAN Í PAKKA - FROSIÐ

1.198

ÁÐUR 1.498 KR/KG



-20%

DÁDYRAVÖÐVI
NÝJA SJÁLAND

3.733

ÁÐUR 4.666 KR/KG



-25%

KENGÚRU FILLET
FRSKT

2.999

ÁÐUR 3.998 KR/KG



GOÐI

LAMBAINNLÆRI
BLÁBERJA

2.770

ÁÐUR 3.298 KR/KG



4,6 KG
5,4 KG
6,6 KG
7,2 KG

-29%

KALKÚNN HEILL
FRANSKUR

993

ÁÐUR 1.397 KR/KG



COOP WC PAPPÍR
16 RÖLLUR

998


ÁÐUR 1.239 KR/PK



X-TRA KARTÖFLUFLÖGUR
SALT -300 G

299

ÁÐUR 369 KR/PK



50%

MANGÓ
Í LAUSU - BRASILÍA

279

ÁÐUR 558 KR/KG



RISTORANTE PIZZUR
MOZZARELLA, HAWAI, SPECIALE

449

ÁÐUR 499 KR/PK



ÖMMUBOLLUR
800 G

890

ÁÐUR 989 KR/PK



3 tegundir

-31%

ÓDÝR ÍS
900 ML

249

ÁÐUR 359 KR/PK

Tilboðin gilda 29. okt. - 1. nóv. 2015

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

TÍMAMÓT



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hansína Ósk Lárusdóttir Hanna

áður til heimilis að Urðarbakka 28, Reykjavík,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 21. október.

Jarðarförin verður auglýst síðar.

Sigrún M. Ingjaldsdóttir
Helga Ingjaldsdóttir
Íris Ósp Ingjaldsdóttir
ömmubörn og langömmubörn.Magnús Ásgeirsson
Ólafur Daðason
Friðrik I. Þorsteinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Gamli báti knúinn seglum og rafmagni

Norðursigling hlaut umhverfisverðlaun Ferðamálastofu 2015 fyrir þá stefnu sína að nýta gamla báta og ekki síst fyrir að hafa gert einn þeirra rafmagnsdrifinn og hjóðlátan.

„Fyrirtækið hefur verið starfandi í rétt 20 ár. Byrjaði bara með einn lítinn eikarbát og á nú átta. Þar af eru fjórar skútur. Ein þeirra, Opal, er auk þess rafmagnsdrifin og siglir hljóðlaust,“ segir Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri hvalaskoðunaryrirtækisins Norðursiglingar, sem tók á móti umhverfisverðlaunum Ferðamálastofu í gær.

Guðbjartur segir tæknibúnað Opal býsna flókinn, hann sé stefnumótandi og veki mikla athygli. „Við höfum verið með skútuna í Skandinavíu á sýningum og tekið fólk í hljóðlausar siglingar um Óslóarfjörð, við mikla hrifningu. Ferðamenn frá öðrum löndum eru líka uppteknari af þessum umhverfisvænu siglingum en flestir hér heima.“

Skýtur þá ekki skökku við að farþegar Norðursiglingar muni hafa stóriðjuna á Bakka fyrir augum þegar siglt er um hafnararkjafinn? „Nei, við óttumst ekki að sú starfsemi hafi neikvæð áhrif á okkar heldur höfum trú á að hægt verði að láta þetta harmonera saman.“



Guðbjartur Ellert með verðlaunagripinum, skúlptúr úr gabbrói og lerki eftir Aðalstein Svan Sigfússon myndlistarmann. MYND/GÚSTAF GÚSTAFSSON.

Siglt verður út nóvember með ferðamenn þegar veður leyfir, að sögn Guðbjarts. „Við höfum heimsótt hvalina, vini okkar á Skjálfaflóa, í tæp 20 ár, oft á

dag, átta mánuði ársins og höfum fengið þá til að stökkva, velta sér, vinka og blása og jafnvel brosa til farþega sem telja tæpa milljón á þessum tíma.“ gun@frettabladid.is



+

Elskulegur eigenmaður minn, sonur, faðir okkar, stjúpaðir, afi, tengdafaðir og bróðir,

Haraldur Magnússonmatreiðslumeistari,
Þrastarhöfða 7,
Mosfellsbæ,

varð bráðkvaddur laugardaginn 24. október. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 2. nóvember kl. 13.

Þórunna Sveinsdóttir

Uunnur Haraldsdóttir

Uunnur Ósk Haraldsdóttir

Helga Björk Haraldsdóttir

Magnús Már Byrn Haraldsson

Sveinn A. Michaelson

Leifur Kristinsson

barnabörn og systur hins látna.

Bragi Hreinn Þorsteinsson

Bjornar Ness

Aþena Mjöll Pétursdóttir

Marta Rut Traustadóttir



+

Elsku mamma okkar, tengdamamma og amma,

Aðalheiður BöasdóttirSkúlagötu 40,
Reykjavík,lést aðfaranótt 27. október.
Jarðarförin auglýst síðar.

Anna J. Hilmarsdóttir

Ásdís H. Hilmarsdóttir

Hjörleifur Heimir Hilmarsson

Diðrik Hilmar, Trygve Heimir

Davið Örn Guðjónsson

Guðjón Þór Guðjónsson

Gunnfríður Ingimundardóttir

Marija Guðjónsson



+

Systir okkar, mágkona og frænka,

Sigríður Benediksdóttir,

fyrirum simavörður hjá Sambandinu,

er látin.

Útförin fer fram frá Áskirkju,
mánudaginn 2. nóvember kl. 11.00.

Árni Benediktsson

Guðrún Auður Benediksdóttir

Hrafn Benediktsson

Björg Bogadóttir

Finnlaug Óskarsdóttir

og systkinabörn.



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristfríður Friðrikka Kristmarsdóttir

Didda

lést þann 24. október á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útför fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til ættingja og vina fyrir auðsýnda hlýju og samúð.

Hallfríður M. Höskuldsdóttir

Þorsteinn Höskuldsson

Kristmar Ó. Höskuldsson

Birna Höskuldsdóttir

Haraldur A. Höskuldsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Franklín Benediktsson

Fanný Guðjónsdóttir

Sigríður Árnadóttir

Ingvar Stefánsson

Lilja B. Guðjónsdóttir



+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hrönn Kristinsdóttir

Efstahrauni 18, Grindavík, áður til heimilis að Vatnsnesvegi 29, Keflavík,

lést á sjúkradeild á elliheimilinu Viðihlíð í Grindavík 9. október. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir til ættingja og vina fyrir auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks í Viðihlíð fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Kristrún Bragadóttir

Pálmi Bragason

Guðmundur K. Tómasson

Hanneke Post

barnabörn og barnabarnabörn.



+

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Guðrún Nanna Sigurðardóttiráður til heimilis að Dalseli 36,
Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 21. október sl.

Hún verður jarðsungen frá Hjallakirkju í Kópavogi föstudaginn 30. október kl. 13.00.

Sigrún Stefánsdóttir

Eggert Stefánsson

Hildur Guðjónsdóttir

Stefán Guðjónsson

Steinar Guðjónsson

Guðjón Scheving Tryggvason



+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður og tengdamóður,

Sigríðar Gröndal

söngkonu.

Starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi færum við sérstakar þakkir fyrir alúðlega umönnun. Við þökkum einnig Oddfellow, Rebekkustúku nr. 1 Bergþóru, fyrir umhyggju og hlýju. Einnig þökkum við þeim sem styrkt hafa ljósið og önnur samtök í hennar minningu.

Kristinn Gestsson

Kristín Halla Kristinsdóttir

Atli Þór Kristinsson

Friðbjófur Þorsteinsson



+

Min ástkæra eiginkona, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Erla Jónsdóttir

Gullsmára 9,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk þann 24. október. Jarðarförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Örn Geirsson

Kristjana Arnardóttir

Kristín Arnardóttir

Örn Arnarson

Þröstur Arnarson

Björk Arnardóttir

Sigfríð Eik Arnardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

G. Hagalín Guðmundsson

Smári Björgvinsson

Margrét Stefánsdóttir

Hrefna Magnúsdóttir

Hlíðar Kristjánsson

Ómar Svavarsson



+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs sambýlismanns míns, föður okkar, tengdafaðir og afa,

Reynis Inga Helgasonar

Prestastig 9, Reykjavík.

Innilegar þakkir fær starfsfólk 11E og líknardeildar Landspítalans fyrir alúðlega umönnun í veikindum hans.

Sigurlaug E. Rögnvaldsdóttir

Harpa J. Reynisdóttir

Hafþór J. Reynisson

Ragnheiður Rut Reynisdóttir

Sigurjón Ari Reynisson

Elisabet Eir Reynisdóttir

Hugrún Lilja Jóhannsdóttir

Tryggvi Hrafn Hafþórsson

Leifur Ernir Hákonarson

Reynir Helgi Hákonarson

Jóhann P. Jónsson

Hákon H. Leifsson

Kristján Ágústsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



THE MORE YOU USE IT
THE BETTER IT LOOKS

Nýr seguldrifinn blandari frá KitchenAid

KitchenAid
FOR THE WAY IT'S MADE




Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Fimmtudagur



Í dag er spáð allhvarssri eða hvarssri austanátt með rigning víða á landinu, talsverðri eða mikilli suðaustanlands fram á kvöld. Hiti 6 til 11 stig.

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6° ↑7	2° ↓3	4° ↑17
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
6° ↑9	6° ↔4	0° ↑15

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6° ↙8	3° ↙7	3° ↙6
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
7° ↖10	7° ←8	1° ↙5

Prautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- geð
 - í röð
 - dvelja
 - síðan
 - númer
 - stafir
 - gimsteinn
 - karlkyn
 - atvikast
 - impra
 - tveir eins
 - sleit
- LÓÐRÉTT**
- gáski
 - mun
 - annir
 - samstæða
 - þurrkuð plóma
 - pota
 - þakbrún
 - ráf
 - belja
 - tvíhljóði

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÓÐRÉTT: 1. ársf., 3. kn., 4. annrki., 5. þar., 7. sveskja, 14. safn., 16. kl., 17. skei., 18. yfa., 20. íl., 21. raut.

LÁRÉTT: 2. skap., 6. rs., 8. una., 9. svo., 11. nt., 12. létur, 10. óta., 13. úfs., 15. rísk., 16. kyf., 19. au.

Skák Gunnar Björnsson

Símon Þórhallsson (2.282) átti leik gegn Seng Tou Ip (1.546) á HM ungmenna í fyrradag.



Hvítur á leik

20. Bxf6! Rxa1? (20...gxf6 var eini möguleiki svarts) 21. Dg4! g6 22. Dg5! Dc6 23. Rd5! De6 24. Dh6 Bxd5 25. Dxc7# Afar vel gekk hjá Íslensku krökkunum í þriðju umferð en þá komu 10 vinningar í hús.

www.skak.is: Allt um HM ungmenna.

Sudoku

LÉTT

	8					3	1	
	9							4
	4	1	5	9			2	8
			8	1		6		
				6	2			
		2			4		3	
	7	6		8				
9								
1	3	8	9	2	7		5	

MIDLUNGS

				3	9	5		
				2			8	3
			5					6
5	4	6	2					
		3	4			2		
9	1			7			4	
1			8	6			2	
2		8						
	9					8		

PUNG

		4	9					7
5	9				7	2	4	
2					5		1	
			2	3		1	5	
		8						
1			4	6				
9								
		1	5	9		6		
4	3				8	7		

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

2	9	8	3	6	1	5	7	4
7	5	1	8	2	4	9	6	3
3	6	4	5	7	9	1	8	2
9	1	6	4	3	7	2	5	8
4	7	2	6	8	5	3	1	9
5	8	3	9	1	2	6	4	7
6	2	9	1	4	8	7	3	5
8	3	5	7	9	6	4	2	1
1	4	7	2	5	3	8	9	6
3	4	9	8	7	1	6	5	2
5	7	8	6	4	2	9	3	1
1	2	6	9	3	5	7	4	8
6	8	3	1	9	4	5	2	7
2	5	4	3	6	7	1	8	9
7	9	1	2	5	8	3	6	4
4	3	2	7	1	6	8	9	5
8	6	7	5	2	9	4	1	3
9	1	5	4	8	3	2	7	6
4	2	5	1	3	9	6	7	8
6	8	3	7	2	4	9	1	5
7	9	1	5	6	8	2	4	3
9	6	8	2	4	5	1	3	7
1	3	2	6	8	7	5	9	4
5	4	7	9	1	3	8	6	2
8	5	4	3	9	6	7	2	1
2	7	9	4	5	1	3	8	6
3	1	6	8	7	2	4	5	9

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



Póstdreifing

við komum því til skila

PÓSTURINN KEMST ENN BETUR TIL SKILA EF...

útljósín eru kveikt, stéttin mokuð og póstkassarnir vel merktir.

www.postdreifing.is

16

2016

Komdu með bílinn í skoðun áður en skammdegið skellur á

GÓÐ
ÞJÓNUSTA
OG HAGSTÆÐ
KJÖR Á
SKOÐUNUM

FRÍTT WI-FI, LJÚFFENGTT GÆÐAKAFFI OG LITABÆKUR
FYRIR BÖRNIN Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.

Bifreiðaskoðanir

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjonaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu.

Starfsemi er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi.

Frá 2002 hefur Frumherji einnig séð um framkvæmd skriflegra og verklegra ökuþrófa á Íslandi.

Ökuþrófin eru framkvæmd á 20 stöðum á landinu, sjá lista yfir prófstað á vefsíðu okkar www.frumherji.is



Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



- örugg bifreiðaskoðun um allt land

Svört kómedía umbreytist í úthverfahrylling

Leikfélagið Geirfugl frumsýnir leikverkið (90) 210 Garðabær eftir Heiðar Sumarliðason í Kassanum í Þjóðleikhúsinu annað kvöld. Heiðar er jafnframt leikstjóri verksins og er sjálfur úr Garðabæ.

Þetta er ekki raunveruleiki, heldur svört kómedía sem umbreytist í einhvers konar úthverfahrylling. Gæti gerst í hvaða íslensku bæjarfélagi sem er, þar sem hlutfall efnaðra íbúa er hátt og einhver af allt öðru sauðahúsi flytur inn í. Þá myndast núningur,“ segir Heiðar Sumarliðason, höfundur og leikstjóri (90) 210 Garðabær sem frumsýnt verður í Kassanum í Þjóðleikhúsinu annað kvöld.

Heiðar kveðst á tímabili hafa verið að hugsa um að láta verkið gerast á einhverjum óræðum stað. „En þegar fólk fór að leiklesa fannst því sterkara að tilgreina ákveðið bæjarfélag. Það hefði alveg eins getað verið Seltjarnarnes en þar sem ég er Garðabæingur að uppruna fannst mér liggja beinast við að nota minn gamla heimabæ sem sögusvið.“

Vel hefur gengið að selja á leikritið svo nú eru bara miðar eftir á sýningarnar 7. og 12. nóvember. „Það er skemmtilegt hversu viðbrögðin hafa verið góð,“ segir Heiðar. „Íslenskir áhorfendur vilja gjarnan sjá eitthvað sem þeir kannast við. Þeir eru kannski ekki oft að fá eitthvað sem gerist í garðinum hjá þeim, hér og nú. Fyrir tíu dögum breyttum við kúrsinum talsvert svo ég hugsa að sjaldan hafi verið sett upp jafn nýtt leikrit, þó það sé byggt á þriggja ára vinnu. Við sem stöndum að þessu erum því 100% viss um að þetta sé besta útgáfan af verkinu sem við erum með á sviðinu, enda eiga áhorfendur það skilið.“

Leikarar í sýningunni eru María Heba Þorkelsdóttir, Stefán Hallur



Leikhópur Geirfugls í verkinu (90) 210 Garðabær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FYRIR TÍU DÖGUM BREYTTUM VIÐ KÚRSINUM TALSVERT SVO ÉG HUGSA AÐSJALDAN HAFI VERIÐ SETT UPP JAFN NÝTT LEIKRIT, ÞÓ ÞAÐ SÉ BYGGT Á ÞRIGGJA ÁRA VINNU. VIÐ SEM STÖNDUM AÐ ÞESSU ERUM ÞVI 100% VISS UM AÐ ÞETTA SÉ BESTA ÚTGÁFAN AF VERKINU SEM VIÐ ERUM MEÐ Á SVIÐINU, ENDA EIGA ÁHORFENDUR ÞAÐ SKILIÐ.

Stefánsson, Svandís Dóra Einarsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Vigdís Mäsadóttir. „Þetta er allt fólk sem ég þekkti og flestum hef ég unnið með áður,“ segir Heiðar sem ekki kveðst mæla með því að höfundur leikstýri eigin verki. Því

kveðst hann hafa fengið Bjartmar Þórðarson dramatúrg sér til halds og trausts.

Þetta er önnur sýningin sem Leikfélagið Geirfugl setur upp. Sú fyrsta var Segðu mér satt eftir Hávarð Sigurjónsson. gun@frettabladid.is

Hvað gerir myndlistarmaður og hvers vegna á hann að fá greitt fyrir vinnu sína?

Næstkomandi laugardag stendur SÍM, Samband íslenskra myndlistarmanna, fyrir Degi myndlistar sem hefur á undanförmum árum skapað sér veigameiri þátt í listviðburðardagatali landsmanna.

Berglind Helgadóttir er verkefnisstjóri Dags myndlistar og hún segir að verkefnið hafi verið fært í fastari skorður árið 2015 og umfangið jafnframt aukið. „Markmiðið með Degi myndlistar er að kynna starf myndlistarmannsins fyrir almenningi og kynna jafnframt hversu fjölbreyttur heimur myndlistarinnar er í raun og veru. Við erum með opnar vinnustofur og skólakynningar þar sem listamenn kynna fyrir krökkunum hvað það er sem myndlistarmenn eru að fást við í sínu starfi. Þeir segja frá sínu námi, ferlinum og sýna þeim verk. Í ár eru svo bókasöfnin að taka þátt í fyrsta skipti með því að vekja athygli á myndlistarbókum með ýmsum hætti enda er þar að finna mikinn fróðleik.“

Berglind segir að það sé mikið um að listamenn taki þátt í verkefni. „Það verða opnar vinnustofur á vegum SÍM á nokkrum stöðum í borginni og svo eru líka myndlistarmenn sem eru með sínar vinnustofur utan SÍM með opið fyrir almenningi. Það er hægt að nálgast upplýsingar um það hvar þessar vinnustofur eru inni á vefnum Dagur myndlistar og það er allt mjög aðgengilegt. Það hefur verið vaxandi straumur hjá okkur á síðustu árum en auðvitað er eftirsóttara að

BRAGARBÓT Á ÞESSU HEFST MEÐ ÞVI AÐ VEITA ÞEKkingu OG AUKA SKILNING Á STARFI MYNDLISTARMANNA OG ÞAÐ ER ÞAÐ SEM VIÐ ERUM AÐ GERA.

kíkja á suma en aðra. Þetta er einstakt tækifæri til þess að geta labbað inn á svona margar vinnustofur og kynna sér nýja og spennandi listamenn.

Í kjölfarið á Degi myndlistar verður farið í herferð á vegum SÍM sem kallast Við borgum myndlistarmönnum. Þar er verið að kynna þá staðreynd að myndlistarmenn fá oft ekki greitt fyrir vinnu sína. Ástæðan er oftast en ekki súa að það er enginn skilningur á því hvað felst í þessu starfi. Að auki hefur verið mikill niðurskurður á fjárframlögum til myndlistarinnar á síðustu árum og það bitnar sérstaklega illa á þeim sem eru ekki að búa til auðseljanleg verk. Bragarbót á þessu hefst með því að veita þekkingu og auka skilning á starfi myndlistarmanna og það er það sem við erum að gera.

Og, þar sem fundur Norðurlandaráðs stendur sem hæst þessa dagana, og menn keppast við að stilla sér upp fyrir framan fallettar myndir í sjónvarpsviðtölum, þá vil ég nota tækifærið og skora á þetta góða fólk að bæta nú myndlistarverðlaunum inn í Norrænu verðlaunin. Það er löngu tímabært.“ magnus@frettabladid.is



Berglind Helgadóttir, verkefnisstjóri Dags myndlistar á vegum SÍM. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



4. SÆTI
METSÖLULISTI EYMUÐSSON
INNBUÐIN SKÁLDVERK
21.-27.10.2010
EFTIR **1 DAG** Í SÖLU!



NÝ BÓK RAGNARS!

Ný og spennandi glæpasaga eftir Ragnar Jónasson sem náði efsta sæti á metsölulistum í Bretlandi og Ástralíu á árinu.

„Ragnar er hér á nýjum slóðum í **vel fléttaðri og spennandi sögu**. **Dimma heldur manni** frá fyrstu síðu til þeirrar síðustu.“ **KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

VERÖLD 

DYNAMIC REYNKJAVÍK

Lög sem sungin voru á íslenskum heimilum

Hugi Jónsson baritónsöngvari stefnir að útgáfu plötu með jólasálmum, ásamt félögum sínum Kára Allanssyni organista og Pétri Húna Björnssyni, kvæðamanni og söngvara. Platan heitir Heilög jól, eftir samnefndum sálmi.

Okkur langar að leyfa þjóðinni að endurnýja kynnin við þennan þátt íslenskrar tónlistarmenn- ingar, sem er forsöngur sálma við harmoníumundirleik. Platan Kvöldbæn kom út í vor og nú fylgir platan Heilög jól í kjölfarið. Hún kemur vonandi út innan skamms, ég er að safna fyrir útgáfu hennar á Karolinafund.com," segir Hugi Jónsson baritónsöngvari.

Hugi kveðst hafa sér til fulltingis tvo afbragðs fagmenn, Kára Allansson organista og Pétur Húna Björnsson, þjóðfræðingur og söngvara. „Við höfum verið að taka upp gamla sálma og skiptum þeim upp í jóla- og aðventusálma og aðra. Á fyrri plötunni, Kvöldbæn, sem kom út í vor voru meðal annars passiusálmur og á jóla- plötunni er ríflega helmingur sálmannanna sunginn við gömul þjóðlög. Pétur Húni er einnig þjóðfræðingur svo verkefnið hefur góða rötfestu. Plötunum fylgir veglegur bækl- ingur bæði á íslensku og ensku. Í hann teiknar Júlíus Valdimarsson, grafískur hönnuður, allar myndir og er undir áhrifum frá gamalli tíð, kirkjum og torfbæjum.“

Meðal þess sem má finna á jóla- diskunum eru hin hefðbundnu lög við sálmana Fögur er foldin,

Á FYRRI PLÖTUNNI, KVÖLDBÆN, SEM KOM ÚT Í VOR VORU MEÐAL ANNARS PASSIUSÁLMAR OG Á JÓLA- PLÖTUNNI ER RÍFLEGA HELMINGUR SÁLMANNA SUNGINN VIÐ GÖMUL ÞJÓÐLÖG. PÉTUR HÚNI ER EINNIG ÞJÓÐFRÆÐINGUR SVO VERKEFNIÐ HEFUR GÓÐA RÖTFESTU.

Hin fegursta rósín er fundin og Heims um ból, flestir aðrir sálmar eru sungnir við gömul lög sem má finna í tónlistarhandritinu Hymnodia Sacra og Grallaranum. „Hugmyndin er að birta það sem ég ímynda mér að sungið hafi verið á íslenskum heimilum frá um það bil 1800 til 1950. Þarna eru þrjú tvisöngslög við jólasálma, Pétur Húni syngur þau með mér. En það sem mér finnst einna áhuga- verðast við diskinn er hljómurinn í harmoníumhljódfærinu með öllum sínum sérkennum,“ segir Hugi og kveðst þar eiga við stigin hljódfæri eins og eru í svo mörgum sveitakirkjum. gun@frettabladid.is



„Við höfum verið að taka upp gamla sálma,“ segir Hugi sem hér er í miðjunni. Við hljódfærið situr Kára Allansson og Pétur Húni er lengst til hægri. FRÉTTABLAÐID/GVA



ÍSLENSKA ÓPERAN

Rakarinn frá Sevilla

ROSSINI

„Tónlistarflutningur hljómsveitar Íslensku Óperunnar undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar var óaðfínanlegur og kórinn skiladi sínu vel.“
– AV, DV

„Í heildina séð er Rakarinn frá Sevilla í uppsetningu Íslensku Óperunnar hin dásamlegasta skemmtun, stórfyndin og fallega framsett, vel sungin og frábærlega leikin.“
– AV, DV

„Bjarni Thor í hlutverki læknabúrars sýndi meistara- takta í söng og leik, í senn aumkunarverður og drepyndinn upp allan tilfinningaskalann ... Í áriunni A un dottor della mia sorte fór Bjarni á kostum í nettu taugalosti, teygadi kaffi milli sönghendinga á leifturhraða og gaf skipanir.“
– IB, Morgunblaðinu

„Óhætt er að segja að hann (Oddur Arnþór Jónsson) hafi átt sýninguna, hann var hreint úr sagt magnaður. Röddin var dásamlega jöfn á öllum sviðum, hún var kraftmikil og fókuseruð, stöðug, en umfram allt unaðslega fögur.“
– JS, Fréttablaðið

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á TIX.IS / WWW.OPERA.IS

TAKMARKADUR
SÝNINGAFJÖLDI
- næstu sýningar -

Föstud. 30. okt. 20.00
Sunnud. 8. nóv. 20.00
Föstud. 13. nóv. 20.00



Furðulega indælt stríð

BÆKUR
Eitt á ég samt
– Endurminningar
Árna Bergmann

★★★★★

Mál og menning

Kápa:


Emilía Ragnarsdóttir

Umbrot:

Guðmundur Þorsteinsson

Ævisögur snúast eðli málsins samkvæmt um einstaklinga, sögu þeirra og samtíð. Það hlýtur að vera einn besti vitnisburður um ævisögu að hún sé skemmtileg og heillandi aflestrar án þess að lesandinn hafi nema fáar forsendur til að tengja við og lítinn fyrirfram- gefinn áhuga á ritaranum og því fólki og tímum sem sýnt er að hann sé að skrifa um. Árni Bergmann er einn af þeim Íslendingum sem í mínu minni hafa verið áberandi í þjóðlífinu án þess að ég leiddi að þeim hugann neitt sérstaklega. Ég hafði mynd af honum sem blaðamanni á Þjóð- viljanum, hjólandi um bæinn með kaskaitei og pípu (get reyndar ekki fullt að hann hafi verið með pípu á hjólinu en þannig sé ég hann fyrir mér). Seinna komst ég að því að hann er líka rithöfundur, þýðandi og gagn- rýnandi. Fyrsta skáldsaga Árna heitir Geirfuglarnir og kom út 1982 og árið 2008 gaf hljómsveitin Geirfuglarnir út plötu sem heitir Árni Bergmann. Þetta var svona um það bil það sem ég vissi. Það var því hikandi sem ég tók að mér að rita bókardóm um endurminningar Árna Bergmann, Eitt á ég samt, nokkuð viss um að ég hefði ekki mikið til slíks verkefnis að færa og satt að segja óviss um hvort ég myndi endast til að lesa bókina alla.

Það er gaman að hafa rangt fyrir sér. Frá fyrstu síðu var ég alveg heill- uð af þessari bók. Af sögum Árna frá uppveiti sínum í Keflavík, af námsár- unum í Moskvu, af hinu „furðulega indæla stríði“ sem Árni kallar það gefa út lítið, rammplóttískt blað og af því hvað líf þess sem dreymir um að



breiða út fagnaðarer- indi bókmennta og hugsjóna getur verið flókið og gefandi. Mér þótti líka mikill fengur að lýsingum hans á „vinum sínum hommunum“ en mín kynslóð hefur ekki á tilfinning- unni að þeir hafi verið mjög áberandi í samfélaginu um miðja síðustu öld.

Bókin er ein- staklega fallega

skrifuð, textinn þrúnginn

bragðmiklum orðum og setningarnar listavel smíðaðar svo stundum varð ég að leggja bókina frá mér til að velja setningum í huganum, eins og þær væru dökkt súkkulaði sem bæri að taka sér tíma í að njóta. Árni býr að því við ritun þessarar bókar að hafa áður skrifað bækur sem byggja á endurminningum hans. Kaflar hefjast oft á tilvitnunum í þessar bækur og ég þarf greinilega að lesa þær líka.

Ég saknaði þess reyndar að sjá fleiri konum gerð skil í bók þar sem langir kaflar fara í að draga upp ljóslifandi og heillandi mannlýsingar af vinum og samferðamönnum. Konurnar eru meiri aukapersónur, vikið að þeim góðu orði en ekki farið á sömu dýpt og þegar karlarnir eiga í hlut og það er synd því margar kvennanna sem koma við sögu hefði verið gaman að fá að sjá með sömu augum.


Á næstsíðustu síðunni segir Árni um bókina: „Ég sagði þegar ég byrjaði að skrifa hana fyrir fjórum árum að ég teldi mig heppinn mann.“ Mér finnst ég hafa verið heppin að fá þessa bók svona óvænt í hendurnar því ég hefði sennilega aldrei valið mér að lesa hana sjálf. Ég vil hvetja þá, sem finnst eins og mér ólíklegt að Árni Bergmann hafi eitthvað við þá að segja, til að gefa sér tíma til að lesa hana.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTAÐA Heillandi og vel skrifaðar endurminningar sem erfitt er að leggja frá sér.

LITAGLEÐI

FRÁBÆRT ÚRVAL AF LITABÓKUM OG LITUM FYRIR FULLORÐNA



LITATILBOÐ
50% AFSLÁTTUR
AF ÓDÝRARA
SETTINU*



*Þegar keypt eru 2 sett. Gildir 29. okt. til 2. nóv., á meðan birgðir endast, í öllum verslunum. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi

www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á [Facebook](#) [Pinterest.com/A4fondur](#) og [instagram.com/a4verslanir](#)

A4

BÍÓ

Tuttugu ár frá frumsýningu Toy Story

Toy Story var fyrsta myndin sem var eingöngu gerð í tölvu. Meðvituð ákvörðun að hafa leikföngin „fullorðin“. Handritshöfundar vildu ófullkomnar aðalpersónur.

Tuttugu ár, já tveir heilir áratugir, eru liðin frá frumsýningu teiknimyndarinnar Toy Story. Flestir kannast væntanlega við Viddu, Bósa Ljósár og alla hina snillingana. Þó svo að margir hafi kannski ekki gert sér grein fyrir því að ef Toy Story væri manneskja mætti hún nú versla í ÁTVR.

Toy Story er nú ein þekktasta teiknimynd sögunnar og kom fyrirtækinu Pixar á kortið. Myndin var sú fyrsta sem var algjörlega gerð í tölvum og fyrsta teiknimyndin sem var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna fyrir handrit.

Snerist ekki um tæknina

Þó að myndin hafi ýtt af stað byltingu, og haft það í för með sér að yfir 250 tölvugerðar myndir í fullri lengd hafi komið í kjölfar hennar, var það markmið framleiðanda að fá áhorfendur til að beina athyglinni að sögunni sem sögð var í myndinni. „Flestir gagnrýnendur töluðu mest um söguna og handritið, eyddu kannski einni línu í að myndin hefði verið gerð á tölvu. Við vorum ótrúlega stolt af því. Okkur fannst við hafa náð að láta myndina snúast um söguna en ekki tæknina,“ segir Ed Catmull, forseti Pixar.

John Lasseter, sem var einn af handritshöfundum og leikstjóri myndarinnar, bætir því við að þeir hjá Pixar hafi gert sér grein fyrir annmörkum og kostum tölvutækninnar við framleiðslu teiknimynda. „Við sáum að allar persónurnar sem við sköpuðum í tölvunni litu út fyrir að vera úr plasti. Því spurðum við okkur: „Af hverju látum við ekki aðalpersónurnar bara vera úr plasti?“ Þannig sköpuðum við sögu sem passaði við framleiðslugetuna. Okkur þótti erfðast að gera manneskjur, þannig að við sögðum söguna út frá leikföngunum.“

Vildu ekki líkja eftir Disney

Toy Story rauf einnig þá hefð, sem var vinsæl á tíunda áratug síðustu aldar, að skapa teiknimyndir eftir vinsælum söngleikjum. Disney hafði slegið í gegn með Fríðu og dýrinu, Aladdin og fleiri myndum. „Við gerðum lista yfir hvernig myndir við vildum ekki gera.



Tuttugu ár eru liðin síðan Viddu og Bósi Ljósár slógu í gegn.

Við vildum gera eitthvað annað en söngleiki. Við vildum ekki gera mynd eftir ævintýri. Við höfðum gert stuttmyndina Tin Toy og okkur fannst mikið af möguleikum í hugmyndinni um að láta leikföng vakna til lífs þegar mennirnir væri ekki á staðnum,“ útskýrir Lasseter.

Framleiðend-

um myndarinnar þótti mikilvægt að hafa hana ekki of barnalega, þannig að hún næði til sem flestra. „Lykillinn var að velja leikföngin vel. Við rannsökuðum vel hvaða leikföng börn léku sér með og á hvaða aldri þau væru.“

Ófullkomnar persónur

Lasseter segir enn fremur að þeir hjá Pixar hafi viljað skapa ófullkomnar aðalpersónur. „Oft eru athyglisverðustu persónur í myndum í aukahlutverki. Því þær eru ekki fullkomnar. Við vildum því skapa aðalpersónur sem væru ekki fullkomnar. Við vildum ekki falla í þá gryfju að vera hræddir við að hafa aðalpersónurnar gallaðar.“

Sú staðreynd að leikföngin sem skapa söguna séu „fullorðin“ var meðvituð ákvörðun. „Að hafa leikföngin fullorðin skapaði okkur stærri grundvöll til að vinna með. Eftir því sem við, í liðinu sem gerðum myndina, sköpuðum fleiri persónur í hana, sáum við að þær endurspegluðu okkur sífellt meira.“ kjartanati@frettabladid.is

Frumkýningar



SCOUTS GUIDE TO THE ZOMBIE APOCALYPSE

Gaman- og hryllingsmynd
Aðalhlutverk: Tye Sheridan, Patrick Schwarzenegger, Logan Miller, Joey Morgan, Sarah Gadon, Halston Sage, David Koechner.
IMDb 6,3/10
Frumkýnd: 30.10.2015




JEM AND THE HOLOGRAMS

Drama, ævintýri, fantasía
Aðalhlutverk: Stefanie Scott, Molly Ringwald, Ryan Guzman, Hayley Kiyoko, Juliette Lewis, IMDb 3,0/10 Rotten Tomatoes 20%
Frumkýnd: 30.10.2015



DHEEPAN

Glæpamynd og drama
Aðalhlutverk: Jesuthasan Antonyhasan, Kalieaswari Srinivasan, Claudine Vinasithamby, Vincent Rottiers, Faouzi Bensaïdi.
IMDb 7,1/10 Rotten Tomatoes 100%
Frumkýnd: 30.10.2015



Númeruð
grafikverk fylgja
fyrstu 60 seldu
eintökunum!

ERRÓ
ÁRITAR

Erró áritar enska útgáfu bókar Aðalsteins Ingólfssonar, *Erró – A Lifescape*, um líf og störf þessa meistara málaralistarinnar.

Áritunin fer fram í Karólinustofu á Hótel Borg í dag, fimmtudag, kl. 12–13. Gengið er inn við enda hússins.




BÓKAFLÓÐ!



VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON



Hersetan á Ströndum og Norðurlandi vestra
Vildarverð: 5.899.-
Verð: 6.499.-



Inn í myrkrið
Vildarverð: 3.199.-
Verð: 3.499.-




Útlaginn
Vildarverð: 5.599.-
Verð: 6.999.-



Hundadagar
Vildarverð: 5.599.-
Verð: 6.999.-



Hrellirinn
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




Mamma klikk
Vildarverð: 4.399.-
Verð: 4.799.-



Heimska
Vildarverð: 4.299.-
Verð: 4.699.-




Tíminn minn dagbók 2016
Vildarverð: 3.699.-
Verð: 3.999.-



Týnd í paradís
Vildarverð: 5.999.-
Verð: 6.999.-



Parmar með sjarma
Vildarverð: 4.499.-
Verð: 4.999.-



Eitthvað á stærð við alheiminn
Vildarverð: 5.599.-
Verð: 6.999.-



Þegar þú vaknar
Vildarverð: 3.999.-
Verð: 4.499.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir frá 29. okt. til og með 2. nóv. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengrl.

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁSBÍÓ

miði.is

Miðsala og nánari upplýsingar

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

CRIMSON PEAK	8, 10:30
PAN 3D ISL	5:30
HÓTEL TRANSYLV. 2D ISL	5:50
KLOVN FOREVER	8, 10:10
EVEREST 3D	5:30, 8
SICARIO	10:30

SAMBÍÓ

NÁÐU Í SAMBÍÓ APPID ÞÁÐ MARGEORGAN SÍÐ

SAMBÍÓ ALFABAKKA

THE LAST WITCH HUNTER	kl. 5:30 - 8 - 10:40
THE LAST WITCH HUNTER VIP	kl. 5:30 - 8
PAN ISL 2D	kl. 5:30
PAN ESKI TAL 2D	kl. 5:30 - 8 - 10:30
LEGEND	kl. 10:10
BLACK MASS	kl. 9
EVEREST 3D	kl. 8 - 10:30
EVEREST 2D	kl. 6
VACATION	kl. 8
INSIDE OUT ISL TAL 2D	kl. 5:50

SAMBÍÓ AKUREYRI

THE LAST WITCH HUNTER	kl. 8 - 10:30
PAN ISL 3D	kl. 5:30
CRIMSON PEAK	kl. 8
LEGEND	kl. 10:30
INSIDE OUT ISL TAL 2D	kl. 5:50

SAMBÍÓ EGILSHÖLL

THE LAST WITCH HUNTER	kl. 5:40 - 8 - 10:20
PAN ISL 2D	kl. 5:30
CRIMSON PEAK	kl. 10:40
LEGEND	kl. 8 - 10:10
THE INTERN	kl. 5:20
EVEREST 2D	kl. 5:20 - 8 - 10:35
THE LAST WITCH HUNTER	kl. 5:40 - 8 - 10:20
HVAÐ ER SVONA MERKILEGT VIÐ ÞAÐ?	kl. 5:40 - 7:20
PAN ISL 2D	kl. 5:30
LEGEND	kl. 9
BLACK MASS	kl. 10:30
THE INTERN	kl. 8

SAMBÍÓ KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI

THE LAST WITCH HUNTER	kl. 5:40 - 8 - 10:20
PAN ISL 2D	kl. 5:30
LEGEND	kl. 9
BLACK MASS	kl. 10:30
THE INTERN	kl. 8

SAMBÍÓ KEFLAVÍK

THE LAST WITCH HUNTER	kl. 8 - 10:30
PAN ESKI TAL 2D	kl. 8
CRIMSON PEAK	kl. 10:30

Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

29. OKTÓBER 2015

Tónlist

Hvað? Kvinnakórinn Katla – Drauma-prinsinn
Hvenær? 20.30
Hvar? Tjarnarbíó

Kvinnakórinn Katla blæs til tónleika í kvöld, þar sem flutt verður tónlist úr öllum áttum og blandað saman gömlu og nýju. Munu Kötlnurnar jafnframt frumsýna sitt fyrsta tónlistarmyndband að tónleikum loknum. Miðaverð 2.000 krónur.

Hvað? Valdimar Guðmundsson og Örn Eldjárn
Hvenær? 21.00

Hvar? Græni hatturinn
Tónlistarmennirnir Valdimar Guðmundsson og Örn Eldjárn leiða saman hesta sína í kvöld á Græna hattinum á Akureyri. Munu þeir flytja tónlist úr ýmsum áttum og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Aðgangseyrir 2.000 krónur.

Hvað? Magnús R. Einarsson
Hvenær? 22.00
Hvar? Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Magnús R. Einarsson leikur og syngur á Ob-La-Di-Ob-La-Da, í kvöld. Aðgangur er ókeypis.

Málþing

Hvað? Úr glatkistunni
Hvenær? 16.00
Hvar? Háskólinn í Reykjavík



Alma Ómarsdóttir, leikstjóri heimildarmyndarinnar Stúlkurnar á Kleppjárnreykjum, flytur erindi í Háskólanum í Reykjavík í dag.

Bandalag kvenna í Reykjavík stendur fyrir málþingi um heimildir í sögu kvenna sem er sprottið úr þjóðaráttaki í söfnun skjala kvenna í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna. Saga kvenna fær oft litla athygli í sögu-bókum og sýningum, m.a. vegna þess að minna hefur varðveist af skjölum þeirra en karla. Erindi flytja Gunnhildur Hrólfsdóttir, höfundur bókarinnar Þær þráðinn spunnu, Erla Hulda Halldórsdóttir, sérfræðingur í kvenna- og kynjasögu við Sagnfræðistofnun HÍ, og Alma Ómarsdóttir, leikstjóri heimildarmyndarinnar Stúlkurnar á



Valdimar Guðmundsson verður á Græna Hattinum í kvöld.



Einar Már Guðmundsson les upp á þriðja rithöfundakvöldi vetrarins.

Kleppjárnreykjum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Leikhús

Hvað? Mávurinn
Hvenær? 20.00
Hvar? Borgarleikhúsið – Stóra sviðið
Mávurinn er eitt stórbrotnasta leikrit rússneska leikskáldsins Antons Tsjekhovs. Hér er um að ræða gamansama og alvarlega sýningu í senn.

Hvað? Vegbúar
Hvenær? 20.00
Hvar? Borgarleikhúsið – Litla sviðið
Tónlistarmaðurinn KK stígur á svið og segir sögu gítaranna sinna sem hafa fylgt honum í bliðu og stríðu í gegnum árin. KK fer með áhorfendur í ógleymanlegt ferðalag.

Myndlist

Hvað? Babúsku-teikningar
Hvenær? 11.00
Hvar? Hannesarholt



Kvinnakórinn Katla lætur til sín taka í Tjarnarbíó í kvöld.

Dóra Emils sýnir teikningar sínar þar sem babúskum er gert hátt undir höfði. Sýningunni var hleypt af stokkunum 22. október síðastliðinn og stendur fram til 27. nóvember. Fer sýningin fram í veitingastofum Hannesarholts.

Leiðsögn

Hvað? Leiðsögn um GraN
Hvenær? 12.15
Hvar? Listasafnið á Akureyri
Sýningin GraN var opnuð um síðustu helgi og mun Guðmundur Ármann Sigurjónsson listamaður taka á móti gestum í hádeginu í dag og fræða þá um sýninguna og einstök verk. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Bókmenntir

Hvað? Höfundarkvöld númer þrjú
Hvenær? 20.00
Hvar? Gunnarshús, hús Rithöfundasambandsins, Dyngjuvegi 8. Komið er að þriðja höfundarkvöldi vetrarins í Gunnarshúsi, og í kvöld mun Jón Yngvi Jóhannsson taka þá Einar Má Guðmundsson og Ólaf Gunnarsson rithöfundatali. Að auki munu höfundarnir

lesa uppúr nýjum bókum sínum. Allir eru velkomnir á meðan stólar leyfa og aðgangseyrir er 1.000 krónur. Veitingar eru innifaldar í verði.

Dans

Hvað? Síðdegisdans
Hvenær? 16.00
Hvar? Ásgarður, Stangarhyl 4
Í dag munu Matthildur og Jón Freyr stjórna síðdegisdansi, þar sem leikin verður tónlist fyrir margs konar dansa, svo sem gömlu dansana, samkvæmis-dansa, línudans og hringdansa. Aðgangur ókeypis en boðið er upp á kaffi eða te með köku og kostar slíkt 600 krónur.

Hvað? This conversation is missing a point
Hvenær? 20.30
Hvar? Tjarnarbíó
Nýtt dansverk eftir Berglindi Rafns og Unni Elisabetu verður frumsýnt í kvöld í Tjarnarbíó. Fjallar verkið um að vera misskilinn og er það sett fram á kómiskan hátt. Verkið verður aðeins sýnt þrisvar sinnum, í kvöld og svo aftur 11. og 17. nóvember. Miðsala á miði.is.

BÍÓ ★ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Stúlkurnar á Kleppi	18:00	Love 3d	22:15
Rams / Hrutar	18:00	Pawn sacrifice	22:00
Jóhanna - síðasta orrustan	20:00	99 homes	22:00
Ice and the sky ENG SUB	20:00		

LÖGFRÆÐIADSTÖÐ ORATORS

- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

Uppistand

Hvað? Hugleikur Dagsson með Þorskastríðið
Hvenær? 21.00
Hvar? Bæjarbíó, Hafnarfirði
Sprelligosinn Hugleikur Dagsson mætir með hressandi uppistand þar sem hann stingur á stóru kylunum, svo sem Tinder, Ungfrú Ísland, pabbakroppum og glúten-óþoli. Aðgangseyrir 2.000 krónur.



Fáðu Stöð 3 á betra verði í haust

HEILL HELLINGUR AF NÝJUM ÞÁTTUM Á STÖÐ 3

3

Það er margt nýtt og spennandi á dagskrá á Stöð 3 í vetur. Spennuþættir, hárbeytt grín og alls konar raunveruleikaþættir sem þú mátt ekki missa af. **Vertu með okkur í vetur, þú finnur örugglega þætti við þitt hæfi á Stöð 3.**

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

STÖÐ 2

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
07.45 iCarly
08.05 The Middle
08.30 Masterchef USA
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 60 mínútur
11.00 Geggjaðar græjur
11.15 Jamie's 30 Minute Meals
11.40 Heilsugengið
12.05 Um land allt
12.35 Nágrannar
13.00 On Strike for Christmas
14.25 Hook
16.55 iCarly
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.25 Undateable Gamanþáttaröð um nokkra vini sem eru að leita að stóru ástinni en vantar sérlega smá hjálp. Danny Burton er myndarlegur og öruggur með sjálfan sig. Hann ákveður að aðstoða vini sína í ástarmálunum en þarf sjálfur á bráðri hjálp að halda.
19.50 Matargleði Evu
20.15 Masterchef USA
21.00 NCIS
21.45 The Blacklist
22.30 The Player
23.15 Réttur Þriðja þáttaröðin af Rétti er talsvert frábrugðin þeim fyrri en sögusviðið hefur nú færst úr réttarsalnum yfir í kolsvartan raunveruleikann sem býr í undirheimum Reykjavíkur. Í þáttunum finnst fjórtán ára stúlka látin á Stóra sviði Þjóðleikhússins.
00.05 Homeland
00.50 The Man with the Iron Fists
02.25 Look Again
03.55 Sinister
05.45 Fréttir og Ísland í dag

STÖÐ 3

- 18.25** The Carrie Diaries
19.05 Suburgatory
19.30 Clipped
19.55 Sullivan & Son
20.20 Flash
21.05 Gotham
21.50 Arrow
22.35 Who Gets the Last Laugh
22.55 Hollywood Hillbillies
23.20 Lip Sync Battle
23.45 NCIS: Los Angeles
00.55 Clipped
01.20 Sullivan & Son
01.45 Flash
02.25 Gotham
03.10 Arrow
03.50 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

KRAKKASTÖÐIN

- 07.00** Ljótí andarunginn og ég
07.25 Lukku-Láki
07.47 Ævintýraferðin
08.00 Könnuðurinn Dóra
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.45 Doddi litli og Eyrnastór
08.55 Leyndarmál vísindanna
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveins
09.49 UKI
09.54 Rasmus Klumpur og félagar
10.00 Ævintýri Tinna
10.23 Brunabilarnir
10.47 Elías
11.00 Ljótí andarunginn og ég
11.25 Lukku-Láki
11.47 Ævintýraferðin
12.00 Könnuðurinn Dóra
12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.45 Doddi litli og Eyrnastór
12.55 Leyndarmál vísindanna
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveins
13.49 UKI
13.54 Rasmus Klumpur og félagar
14.00 Ævintýri Tinna
14.23 Brunabilarnir
14.47 Elías
15.00 Ljótí andarunginn og ég
15.25 Lukku-Láki
15.47 Ævintýraferðin
16.00 Könnuðurinn Dóra
16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.45 Doddi litli og Eyrnastór
16.55 Leyndarmál vísindanna
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveins
17.49 UKI
17.54 Rasmus Klumpur og félagar
18.00 Ævintýri Tinna
18.23 Brunabilarnir
18.47 Elías
19.00 Töfralandið OZ

SPORT

- 07.40** Man. Utd. - Middlesbrough
09.20 Napoli - Palermo
11.00 Liverpool - Bournemouth
12.40 Hellas Verona - Fiorentina
14.20 Markaður Meistaradeildar Evrópu í handbolta
14.50 Formúla E - Beijing
16.10 Celta - Real Madrid
17.50 Spænsku mörkin
18.20 AS Roma - Udinese
20.00 NFL Gameday
20.30 League Cup Highlights
21.00 Liverpool - Bournemouth
22.40 Sheffield Wednesday - Arsenal
00.20 UFC Now 2015

SPORT 2

- 07.30** Liverpool - Bournemouth
09.10 Man. Utd. - Middlesbrough
12.30 Messan
13.45 Sunderland - Newcastle
15.25 Premier League Review
16.20 Man. Utd. - Middlesbrough
18.00 Liverpool - Bournemouth
19.40 Leeds - Blackburn
21.45 Premier League World
22.15 League Cup Highlights
22.45 Man. Utd. - Man. City
00.25 Leeds - Blackburn

GOLFSTÖÐIN

- 08.10** Golfing World
09.00 European Tour
14.10 PGA Tour
17.10 Golfing World
18.00 Inside The PGA Tour
18.25 European Tour
23.25 Inside The PGA Tour
23.50 PGA Tour 2015 - Highlights

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



19:50

MATARGLEÐI EVU

Nú er tími til að njóta! Eva Laufey töfrar fram dýrindis nautalund með piparostasósu og hvítlauksbökuðum kartöflum. Súkkulaði Pannacotta með heitri berjasósu og dásamlegar smábitakökur í eftirrét.

Uppskriftir á visir.is/matur

FRÁBÆR FIMMTUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:15

MASTERCHEF USA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna hylli dómnefndarinnar.



21:45

THE BLACKLIST

James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Red Reddington sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum.



22:00

THE MASK OF ZORRO

Ævintýramynd frá 1988 með Antonio Banderas, Anthony Hopkins og Catherine Zeta-Jones í aðalhlutverkum.



21:05

GOTHAM


Hörkuspennandi þættir þar sem sögusviðið er Gotham-borg sem flestir kannast við úr sögunum um Batman.



22:00

THE SOPRANOS

Magnaður og margverðlaunaður þáttur frá HBO þar sem fylgst er með fjölskyldumanninum og mafíuforingjanum Tony Soprano í daglegu lífi.



18:00

ÆVINTÝRI TINNA

Tinni og vinur hans Tobbi eru alltaf að lenda í skemmtilegum og spennandi ævintýrum saman.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.

365.is



Sadolin

Sadolin, innimálning, gljástig 10.

7.595 kr.

89071170



Sadolin

Sadolin, akrýllakk, 40BW, 1 l.

3.695 kr.

89150210



málning

4 L

HELGAR-TILBOÐ

Kópal Glitra, gljástig 10, hvít 4 l.

4.995 kr.

86620040

Almennt verð 6.295 kr.

Fáðu aðstoð fagmanna
Einar Loftsson,
málameistari

GERUM FÍNT FYRIR JÓLIN

MIKIÐ ÚRVAL AF INNIMÁLNINGU

56 DAGAR
TIL JÓLA!



GJØCO

GJØCO Proff, innimálning, 9 l.

7.295 kr.

80602509



GJØCO

GJØCO Proff Akryl, innimálning, 9 l.

8.295 kr.

80602609



GJØCO

GJØCO veggmalning, innimálning, 9 l.

11.295 kr.

80602709



GJØCO

GJØCO Proff, loftmalning, 9 l.

7.295 kr.

80602809



GJØCO

GJØCO Interior, innimálning, 2,7 l.

6.265 kr.

80603327



málning

Kópal Birta, gljástig 20, hvít, 4 l.

7.195 kr.

86610040



málning

Kópal Akrylhúð, hvít, nokkur gljástig, 4 l.

8.195 kr.

86233040/ 86231040/ 86230040



málning

Kópal Perlulakk, hvítt, 1 l.

3.295 kr.

86213410 / 86213810



BYKO

BYKO innimálning, gljástig 10, ljósir litir, 10 l.

8.296 kr.

85540083



HARRIS pensill, 25, 38, 50 eða 75 mm.

Verð frá:

395 kr.

83072110-30



SIKA HYFLEX-220, brúnt, grátt, hvítt, svart.

1.395 kr.

86917231-34



FIA málningarrúlla og skaft, 25 cm.

1.995 kr.

84100150



FIA málningarrúlla og bakki, 25 cm.

1.095 kr.

84100160



SOUDAL frauðlim, soudabond easy, 750 ml.

3.295 kr.

85122643

ÖLL HELSTU MERKIN

Sadolin

FIA

Nordsjö

Sika

málning

BYKO

SOUDAL

Harris®

GJØCO



byko.is

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Hrekkjavökupartí í átta skrefum


Guðrún
Ansnes
gudrun@frettabladid.is

Hrekkjavaka hefur fest sig rækilega í sessi meðal Íslendinga og mun fjöldi fólks blása til Hrekkjavökupartía um allan bæ um næstu helgi. Þeir sem eru ekki enn byrjaðir að skipuleggja slíkt eiga enn sjens, því Sigga Dögg, annálaður hrekkjavökupartíhaldari, ætlar að lóðsa lesendur í gegnum ferlið á met tíma.

1 Partíið hefst á Pinterest!

„Fyrst er að hjóla í markhópagreiningu. Ætlarðu að hafa þema? Hrekkjavakan í dag er orðin mjög elegant oft á tíðum. Fulloröna fólkið leggur mikið á sig. Það þarf að ákveða hvernig það á að vera. Á maður að vera smart? Á þetta að vera í alvöru skerí? Er þetta krakkavænt? Um leið og það er ákveðið má byrja að hamra á lykklaborðið. Lyklilorð – halloween og dyrnar opnast að heimi matvæla, búninga og skreytinga. Þá pinnar þú niður þitt, auðvelt!“

2 Upp með veskið



Eftir ferðalagið á Pinterest skal hent í ítarlegan innkaupalista. „Ítarlegur innkaupalisti skiptir miklu máli og þú verður að vera tilbúin til að rúnta út og suður eftir því sem vantar. Mesta góssið má nálgast í búðum eins og Megastore, Tiger, Sostrene Grene, Toys 'R' us og Partýbúðinni. Þá er ómissandi að kaupa grasker og þar hafa matvöruverslanirnar Bónus og Kostur komið sterkar inn.“

3 Skreytum hús með draugum og djöflum

Hér er „more is more“ mottóið. „Það tekur í alvöru ekki meira en klukkutíma að tækla graskerið. Finna hönnun, hreinsa graskerið og skera það út. Ef fólk er sérlega handlagið er sniðugt að klippa út leðurblökur úr svörtum pappa og köngulær úr svörtum plastpoka. Köngulóarvefurinn úr Tiger er snilld, flott að teygja hann yfir runna í garðinum. Rænir hríslum, sem hvort sem er voru búnar að gefa upp öndina, í garðinum, sprejjar svartar og bindur í knippi og festir á útidyrhúðina. Mér finnst algjört möst að setja grasker fyrir utan og ljósgerir gott betra. Það er eiginlega bannað að halda hrekkjavöku án graskers. Svo ef hann hangir þurr er sniðugt að kríta morðettvang, þið vitið, útlínurnar og kannski draug. Ódyrt en flott.“

4 Gangið í hryllingsbæinn

„Skreytingar að innan eru aðal. Blásið upp svartar, appelsínugular og hvítar blöðrur. Leikið ykkur með að gera appelsínugulu að graskerum, og hvítu að draugum. Líma á veggina og út um allt. Henda upp beinagrindum og leðurblökum. Þá er sniðugt að fara í gegnum dótakassa krakkanna, ef maður á krakka, þar finnst oft alls konar ógnvekjandi dót, eins furðulega og það hljómar. Notið allt, kisur, múmiur, uppakninga og allt sem tengist blöði.“



5 Hryllilega veislu gjöra skal

„Þegar kemur að veitingunum skiptir máli að halda í þemað. Maturinn á að endurspegla að hér fari hrekkjavaka fram. Kastið í eina Red Velvet-köku, skellið hvítu kremi á, myljið Oreo-kex yfir og hendið nokkrum krossum á og hér höfum við kirkjugarð. Gerið bein úr litlum sykurpúðum og saltstöngum, dýfið í hvítt súkkulaði og skellið á disk. Takið stóra sykurpúða og setjið á tannstöngul og teiknið á hann með matarlit, til dæmis hauskúpu. Ég er alltaf með appelsínugula haustsúpu í boði en nota ekki grasker í hana því mér finnst fylan vond. Ghostbusters-poppið er vinsælt og kókupinnar standa alltaf fyrir sínu, bæði auðveldir og vinsælir, þar sem auðvelt er að gera köngulóarvef á þá. Gaman er að splæsa í þurrís ef maður er með þúns eða safa, skella þessu í stóran súpupott sem verður samstundis að nornapotti. Passa bara að snerta hann ekki með berum höndum.“

6 Músíkalskur harmleikur



„Fyrir fullorðinspartí er mikið hægt að vinna með textana og hljóðfærin. „I Put a Spell on You“ og lög úr hryllingsmyndum eins og Exorcist. Rocky Horror er líka stöngin inn og fint að blanda inn spangóli úr varúlum. Þetta hentar ekki endilega í barnapartí, en þá er sniðugt að undirbúa sérstakt hryllingsdiskó, þar sem tónlistin úr Casper the Friendly Ghost slær alltaf í gegn og Addamsfjölskyldan er vænleg til vinsælda, allir þekja lagið.“

7 Dreptu liðið ekki úr leiðindum

„Bjóddu allavega í einn leik í fullorðinspartíinu, það verður. Hryllingsmynda-pub quiz er vænlegt til vinnings. Fyrir krakkana er sniðugt að hruga öllu liðinu inn í dimmt herbergi, og lesa hryllingssögu eða segja frá Djáknanum á Myrká með vasaljós undir hökunni. Stemningin svo létt með diskóinu í sjötta lið.“



8 Vertu lifandi, vertu í búningi!

Partíið er klárt, en mál málanna er þó líklega búningurinn. Ef partíið glatast, ert þú allavega í trylltu stuði í búningi. „Veldu þér búning sem þú meikar að vera í. Plastgrimur eru til dæmis æðislega flottar en þegar kemur að því að skarta slíkri er annað uppi á teningnum. Þú munt svitna eins og svin. Þá er töluvert betra að vera bara með litla grimu, bara fyrir augunum eða nefinu. Annað sem ber að varast: Búningar sem skerða hreyfigetuna, það skiptir miklu máli upp á stemninguna að fólki liði nokkuð vel og sé hreyfanlegt. Þetta þarf heldur ekki að vera rándýrt. Finndu þér eitthvað heima sem þér liður vel í og þér finnst flott. Skreyttu svo bara í kringum þig. Svo slær alltaf í gegn hjá yngstu kynslóðinni þegar mamma og pabbi skipta um hlutverk, svona ef einhvern vantar skotheilda hugmynd á lokasprettinum.“



Hrekkjavökusúpa – stútfull af grænmeti og meinhold í haustinu



Sigga Dögg komin í búning, skreytingarnar komnar upp og því allt tilbúið fyrir partíið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hrekkjavaka hefur alltaf heillað mig enda ólst ég upp við Kanann í Keflavík og mátti maður stundum fara þangað á hrekkjavöku. Það er bara eitthvað við hrylling og yfirnáttúrulegt sem nær mér. Þetta er þriðja hrekkjavökuteitið sem ég held formlega en ég byrjaði á þessu fyrir börnin mín og börn vina minna.

UPPSKRIFT

2 laukar (má minnka niður í 1)
2 sætar kartöflur, skrældar og skornar í teninga
5 kartöflur, skrældar, í teningum
1 haus brokkóli, má nota stilkinn
8 gulrætur, skolaðar og skornar
1 rauð paprika
½ hnuður af rifnu engifer
2 geirar af hvítlauk
1 msk. kókosolia
1 lítri kókosmjólk (helst creamy)
1 lítri grænmetissoð
1 tsk. karríduft
1 tsk. smoked paprika
1 tsk. cumin (broddkúmen)
Salt og pipar eftir smekk
Dass af cayenne-pipar svo hún rífi í smá chili

Byrjað á því að afhýða, hreinsa og saxa grænmeti til. Í stóran pott fer kókosolia og laukur léttsteiktur uppúr henni í 2 mínútur og svo er karrí, smoked paprika, cumin og smá cayenne pipar sett út í og steikt í um mínútu. Hvítlaukurinn er svo steiktur í mínútu í pottinum. Næst eru öllu grænmetinu hent úti ásamt kókosmjólk og grænmetissoði og þetta látið malla á miðlungslágum hita í um 40 mínútur eða þar til allt er orðið mjúkt. Ég mauka mína súpu svo með töfrasprota. Það þarf að smakka hana til og ég set vel af pipar í mína en minna af salti. Ég hef hana yfirleitt frekar þykka en ef þú vilt þynna hana þá getur þú bætt úti hana kókosmjólk eða vatni en einnig rjóma ef þú notar mjólkurvörur. Ef þú vilt þykkja hana þá er um að gera að henda tveimur kartöflum út í og leyfa þeim að sjóða með súpunni og mauka hana svo aftur. Þetta er fullkominn afgangssúpa sem geymist vel í tvo daga og þolir að standa á eldavelinni.

DEBENHAMS

Tímalaus fegurð

Upplifðu sérfræðipækkingu Clarins gegn öldrun



CLARINS

Clarins kynning í Debenhams 29. október til 4. nóvember.

Veglegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru tvær vörur í Clarins.

Sérfræðingur Clarins verður á staðnum til að veita þér faglega ráðgjöf um umhirðu húðarinnar.

Frí förðun verður föstudaginn 30. og laugardaginn 31. október.

Bókaðu í síma 699 1213



Gjöfin þín*

Verðgildi kr. 14.900.-

Inniheldur:
30ml Multi-Active næturkrem
30ml HydraQuench dagkrem
50ml Augnfarðahreinsir

* Þegar keyptar eru tvær vörur í Clarins. Gildir á meðan birgðir endast.

 Finndu okkur á facebook

*Gættu lífid
skemmtilegra*

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Kylie og Kendall meðal áhrifamestu unglínganna

Yngstu systur Kim Kardashian West, þær Kendall, 19 ára, og Kylie Jenner, 18 ára, eru á lista tímaritsins Time yfir áhrifamestu unglíngina ársins 2015.

Kendall hefur gert gott mót í fyrirsætuheiminum og var áberandi á pöllunum á tiskuvíkunni í París þar sem hún tók meðal annars þátt í tiskusýningum fyrir Elie Saab og Chanel.

Yngsta systirin Kylie hefur verið afar áberandi á samfélagsmiðlum og þegar fjórar af systrunum fimm gáfu út snjallsíma-

app þar sem notendum gefst kostur á því að fylgjast með daglegu lífi og sækja innblástur í fót og förðunarvörur var Kylie ekki lengi að skjóta sér á toppinn og var appið hennar það vinsælasta í Bandaríkjunum í tvo heila daga.

Þær Kendall og Kylie voru þó ekki þær einu sem prýddu listann heldur var Game of Thrones stjörnunna Maisie Williams einnig að finna þar auk Jaders Smith og Maddie Ziegler, 13 ára dansara sem komið hefur fram í nokkrum af myndböndum tónlistarkonunnar Sia.



Dalakollur

Þéttur og bragðgóður hvítmygluostur

Dalakollur minnir á Brie í útliti en er þéttari og því skeraniegur með ostaskera. Hann er tilvalinn ofan á ristað brauð með ávaxtamauki.

Osturinn er nefndur eftir hersinum Kalli sem kom til Íslands með Auði djúpúðgu, settist að í Dölnum og fékk viðurnefnið Dala-Kollur. Hann var föðurafi Hallgerðar langbrókar.



Tveggja ára strangt ferli

Lord Pusswhip, Þórður Ingi Jónsson, gefur út sína fyrstu plötu í dag. Platan ber heitið Lord Pusswhip is Wack og kemur út á netinu.

Tónlistarmaðurinn Þórður Ingi Jónsson, betur þekktur sem Lord Pusswhip, sendir í dag frá sér sína fyrstu plötu. Hún ber titilinn Lord Pusswhip is Wack og kemur út á netinu, á geisladiskum og kasettum. „Þetta hefur verið klikkað ferli yfir tvö ár þar sem ég og vinir mínir úti í heimi og á Íslandi höfum verið að senda efni á milli okkar. Að lokum varð til þessi plata sem er eins konar safnplata og inniheldur samstarf við aðra rappara, söngvara og „pródúsenta“ úr röðum framsækinnna hip hop- og raftónlistarmanna,“ útskýrir Þórður.

Þórður hefur vakið athygli fyrir framsækinn og sérstakan stíl innan hip hop-geirans. „Ég er ekkert að rappa sjálfur á plötunni en þegar ég rappa sjálfur þá er það um esoterík, hryllingsmyndir og allt fyrir „the ladies“,“ segir hann.

Útgáfufyrirtækið Cosmic Seagull Records gefur plötuna út. „Þetta er fyrsta útgáfa fyrirtækisins. Þetta er ný plötuútgáfa sem vinur minn Onoe Capone frá London stofnaði. Hann rappar líka á plötunni.“

Nóg verður að gera hjá Lord Pusswhip og hans fólki á næstu dögum. „Við Svarti Laxness og Vrong erum að spila oft og mikið yfir Airwaves – „off venjú“ á Lucky Records, Bar Ananas og svo erum við að halda okkar eigin pönkuðu tónleika á Kaffistofunni á Hverfisgötu mánudaginn fyrir Airwaves. Síðan spilum við á Húrra á sunnudeginum á undan GKR.“

Hægt er að nálgast plötuna á Soundcloud-síðu Lord Pusswhip: soundcloud.com/mantisfromdamudgang. kjartanatl@frettabladid.is



Þórður Ingi Jónsson gefur út sína fyrstu plötu í dag. MYND/ANNA MAGGÝ

ÉG ER EKKERT AÐ RAPPA SJÁLFUR Á PLÖTUNNI EN ÞEGAR ÉG RAPPA SJÁLFUR ÞÁ ER ÞAÐ UM ESOTERÍK, HRYLLINGS-MYNDIR OG ALLT FYRIR „THE LADIES“.

Gulrótar- og tómatsúpa með kókosmjólk

Þegar kólna tekur í veðri er fátt betra en að skella í sig rjúkandi heitri og ljúffengri súpu sem yljar.

Fyrir 4-6

1 msk. kókosolíu eða ólífuoíu

1 laukur, hakkaður

2 hvítlauksrif, hökkuð

1 tsk. túrmerík

10 gulrætur, skolaðar og

sneiddar

1 dós (400 g) plómútómatar

eða um 5 hakkaðir ferskir tómatar

Vatn, nóg til að fljóti yfir

Sjávarsalt og svartur pipar

1 dós (400 g) kókosmjólk

Hitið olíu í potti. Bætið lauk, hvítlauk og túrmerík í pottinn og steikið við vægan hita þar til mjúkt. Bætið gulrötum og tómotum í



pottinn og eldið í um mínútu, hrærið í pottinum á meðan. Hellið vatni yfir þannig að rétt fljóti yfir og kryddið með sjávarsalti og pipar. Látið sjóða við vægan hita í 15-20 mínútur eða þar til gulræturnar eru orðnar mjúkar. Maukið súpuna með töfrasprota eða í

matvinnsluvél, bætið síðan kókosmjólk saman við og smakkið til. Ef súpan er bragðdauf getur verið gott að setja smá grænmetis- eða kjúklingakraft í hana. Gott er að bera súpuna fram með nýbókuðu brauði.

Uppskrift fengin af Ljufmeti.com

Gleði og FRÍÐARJÓL

Jólatónleikar



Aukatónleikar kl. 17:00

komnir í sölu á tix.is

Jólatónleikar
Pálma Gunnarssonar
ásamt Ragnheiði Gröndal
í Eldborg Hörpu

19. desember kl. 21:00

Örfá sæti laus

Miðasala á harpa.is, tix.is og í síma 528 5050

Sérstakur gestur er Valdimar Guðmundsson.

Jólatónleikar Pálma og Ragnheiðar slógu rækilega í gegn í fyrra og komust færri að en vildu. Þau endurtaka leikinn í ár með góðum gestum og sömu notalegu stemningunni.

Í ár eru 30 ár liðin frá útgáfu jólaplötunnar Friðarjól og er hún órjúfanlegur hluti af jóla-undirbúningnum á fjölmörgum heimilum. Og það er aldrei að vita nema ný jólalög líti dagsins ljós í tilefni afmælisins. Ekki missa af þessu tækifæri til að eiga yndislega og ógleymanlega stund á aðventunni.

DÆGURFLUGAN



HARPA



-50%

MANGÓ
Í LAUSU - BRASILÍA
279
ÁÐUR 558 KR/KG

nettó | Frábær tilboð!
www.netto.is



Útgáfutónleikar

INNRI

STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR OG JÓEL PÁLSSON

Stjórnandi og útsetjari: Kjartan Valdemarsson



Tónlistarsjóður

HARPA SILFURBERG

Mánudag 2. nóvember kl. 20:00

Miðaverð kr. 3.500 / 2.500

Miðar á harpa.is / í miðasölu Hörpu

Vissir þú að...

holl og góðfæða studlar að
líkamlegu heilbrigði sem börn
eiga rétt á



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Stefán Karl heldur nú til Bandaríkjana og skilur eftir sig skarð sem verður fyllt af Ólafi Agli og Gísla Erni.

Áhyggjur af að rata ekki í rétta búninginn

Ólafur Egill Egilsson mun fylla skarð Stefáns Karls Stefánssonar í sýningunni Í hjarta Hróa hattar og hlakkar til að takast á við áskorunina. Auk þess mun Gísli Örn Garðarsson bregða sér í eitt hlutverk Stefáns.

Orðatiltækið „maður kemur í manns stað“ á vel við um sýninguna Í hjarta Hróa hattar, sem sýnd er í Þjóðleikhúsinu, af Vesturport. Stefán Karl Stefánsson, einn af leikurum sýningarinnar, er nú farinn til Bandaríkjana og hefur Ólafur Egill Egilsson stigið inn í flest þau hlutverk sem Stefán fór með í verkinu. Raunar mætti kannski breyta orðatiltækinu í „menn koma í manns stað“, því Gísli Örn Garðarsson, annar leikstjóra verksins, fyllir í skarðið sem reynsluboltinn Stefán skilur eftir sig. Fyrsta sýningin með Ólafi fór fram í gærkvöldi.

Tekur því sem að höndum ber „Maður verður að taka því sem að höndum ber,“ segir Gísli við blaðamann um leið og málið er borið undir hann. Gísli fer með leikstjórnina, ásamt Selmu Björnsdóttur, en sýningunni hefur verið mjög vel tekið. Hún fékk til að mynda fjórar stjórnur hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins í síðasta mánuði. „Mér þykir virkilega vænt um þessa sýningu,“ segir

ÉG HELD AÐ ÉG SÉ EKKI AÐ TAKA OF STÓRT UPP Í MIG ÞEGAR ÉG SEGI AÐ VIÐ STEFÁN SÉUM BÁÐIR ÞUNGAVIGTARMENN Í ÞESSU.

Ólafur Egill Egilsson

Gísli og heldur áfram: „Það er hrikalega gaman að fá að vera hluti af leikhópnum. Að vera í stemningunni. Það hefur verið rosalega jákvæð orka í kringum hópinn. Hjá okkur er mikil gleði.“

Leikstjórinn segir að Stefán Karls verði saknað. Í Bandaríkjunum mun hann halda áfram að leika Trölla í sýningunni The Grinch, sem hefur verið sýnd víða þar í landi. „Stefán Karl er náttúrulega snillingur. Hans verður sárt saknað.“

Hefur komið inn áður

Ólafur Egill Ólafsson tekur undir þessi orð leikstjórans. „Stefán er auðvitað mikill fagmaður og er búinn að setja mig vel inn í þetta. Hann er bara í svo mörgum hlutverkum að ég hef helst áhyggjur af því að rata ekki í rétta búning.“

„Ólafur tekur allt nema eitt af þeim hlutverkum, sem Stefán fór með í sýningunni. „Það er alltaf gaman að koma svona inn. Ég hef gert

þetta í nokkrum skipti. Ég kom til að mynda inn í Íslandsklukkuna, Skilaboðaskjóðuna og Vesalingana. Auðvitað er þetta áskorun, að koma svona inn í sýningar. Maður fær ekki fullan æfingatíma og þarf að vera extra mikið uppi á táberginu til að áhorfendur fái sömu upplifun og áður.“

Gera hlutverkin að sínum

Ólafur segir samt að mikilvægt sé að gera hlutverkin svolítið að sínum. „Já, maður þarf að gera þetta aðeins með sínu nefi og tileinka sér hlutverkin. En Stefán var búinn að leggja þetta allt vel upp, þannig að ég sé ekki fram á að breyta miklu.“

Hann hlakkar til að takast á við áskorunina í næstu sýningum. „Ég held að ég sé ekki að taka of stórt upp í mig þegar ég segi að við Stefán séum báðir þungavigtarmenn í þessu,“ segir Ólafur kátur.

„Mikill fjöldi sýninga er áætlaður næstu mánuði og hægt er að panta miða fram í janúar á næsta ári. kjartanatli@frettabladid.is



SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsson vera@365.is RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

ÞRAUKA

PARKA ÚLPA

34.990 KR.

ZO•ON ICELAND

KRINGLUNNI | 103 REYKJAVÍK | 412-5864

ZO•ON ICELAND

BANKASTRÆTI 10 | 101 REYKJAVÍK | 412-5865

WWW.ZO-ON.IS

ZO•ON

ICELAND

Bakþankar

Atla Fannars
Bjarkasonar



Þjóðkirkjan 2.0

Við þurfum app!“
Séra Helgi var staðinn upp úr sæti sínu og baðaði höndum til himins eins og undir lokin á velheppnaðri sunnudagsmessu. Hann leit á kollega sína sem virtust ekki sannfærðir og þögðu. „Unga fólkið litur varla upp frá símunum sínum. Ég segi, ef unga fólkið er ekki til í að horfa til himins, þá látum við himnaríki horfa á það.“

Algjör þögn var í salnum og séra Helgi starði á kollega sína. Hann var byrjaður að svitna þegar séra Kristinn stóð hægt upp og byrjaði að klappa saman risavöxnum lófum sínum. Á meðan takturinn í klappinu þyngdist og krafturinn jókst tóku prestarnir við sér, stóðu upp einn af öðrum og byrjuðu að klappa. Loks byrjaði nýútskrifaður guðfræðingur að hrópa nafn Helga og salurinn tók undir: „Helgi! Helgi! Helgi!“

Séra Helga leið vel – senn myndi eyðimerkurgöngu þjóðkirkjunnar ljúka. Tárin tóku að streyma niður vanga hans og hann horfði þakklátur út í salinn á æsta fulltrúa almættisins kyrja nafn hans. Í gær var hann lærisveinn en nú leið honum eins og Jesú Kristi endurholdguðum.

Áður en séra Helgi tók til máls á ný rétti séra Guðný upp hönd og bað um orðið: „En hvernig komum við appinu í síma unga fólksins? Með heilögum mætti?“ Salurinn horfði með spyrjandi augnaróði á nýskipaðan leiðtoga sinn, sem brosti og gekk hægt skrefum að séra Guðnýju. Hann rétti út hönd sína og strauk blíðlega yfir kinn hennar: „Ríki og kirkja tengjast órjúfanlegum böndum. Ríkið á bankana, bankarnir eiga fyrirtækin og fyrirtækin selja símana. Trúna fengum við í vöggugjöf og appið fá framtíðarkynslóðir frítt með þegar þær kaupa síma.“

Séra Guðný stóð hægt upp og starði forviða í himinblá augu séra Helga. „Þú ert snillingur,“ hvíslaði hún og þrýsti líkama hans að sínum. Þau grétu og salurinn trylltist úr fögnuði.

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka



Iceland

Póst dreifing

við komum því til skila

VIÐ
ELSKUM
SNJÓ
EN...

værirðu til í að
hafa útljósin kveikt
og stéttina auða
... fyrir okkur?

www.postdreifing.is



Skrapp út í sjoppu

#66suburbs

66north.is